# Útgefandalýsing

HS Veitur hf.

Nóvember 2009

# Efnisyfirlit


1. Áhættuþættir ............ 4
   1.1 Almennt ............ 4
   1.2 Áhætta vegna samningsskuldbindinga ............ 4
   1.3 Vaxtaáhætta ............ 4
   1.4 Verðbólguáhætta ............ 4
   1.5 Gjaldmiðlaáhætta ............ 4
   1.6 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta ............ 5
   1.7 Rekstraráhætta ............ 5
   1.8 Stjórnunaráhætta ............ 5
   1.9 Starfsmannaáhætta ............ 5
   1.10 Áhætta tengd fjárfestingum í öðrum félögum ............ 5
   1.11 Lagaleg áhætta ............ 5
   1.12 Áhætta tengd krossábyrgð ............ 6
2. Ábyrgir aðilar ............ 7
   2.1 Yfirlýsing stjórnar ............ 7
   2.2 Yfirlýsing umsjónaraðila ............ 7
3. Löggiltir endurskoðendur ............ 8
4. Upplýsingar um útgefandann ............ 8
   4.1 Saga og þróun útgefandans ............ 8
   4.2 Fjárfestingar HS Veitna hf. ............ 10
   4.3 Dómsmál eða gerðardómsmál ............ 10
5. Yfirlit yfir starfsemi ............ 10
   5.1 Helsta starfsemi ............ 10
   5.2 Helstu þjónustu- og vöruflokkar HS Veitna hf. ............ 11
   5.3 Áætluð sundurliðun tekna ársins 2009 ............ 12
6. Upplýsingar um þróun ............ 12
   6.1 Skipting Hitaveitu Suðurnesja hf. ............ 13
   6.2 Krossábyrgð HS Veitna hf. og HS Orku hf. ............ 14

7. Skipulag ... 15
8. Valdar fjárhagsupplýsingar ... 15
8.1 Tölur úr rekstri HS Veitna hf. ... 16
8.2 Efnahagsreikningur HS Veitna hf., 30. júní 2009 ... 17
8.3 Atburðir eftir uppgjörsdag, 30. júní 2009 ... 18
9. Stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn ... 18
9.1 Stjórn og forstjóri ... 18
9.2 Hagsmunaárekstrar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar ... 21
10. Stjórnarhættir ... 21
10.1 Endurskoðunarnefnd ... 21
11. Stærstu hluthafar ... 22
11.1 Hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja hf. og HS Veitum hf. ... 22
11.2 Hlutur Hafnarfjarðarbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur ... 23
11.3 Eignarhald HS Veitna hf. ... 24
12. Skjöl til sýnis ... 25
12.1 Ársreikningur HS Veitna hf., 2008 ... 26
12.2 Árshlutareikningur HS Veitna hf., 30. júní 2009 ... 43
12.3 Skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf. ... 57
12.4 Frávik frá skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf. ... 79
12.5 Stofnsamningur og samþykktir HS Veitna hf. ... 85

# 1. Áhættuþættir

## 1.1 Almennt

Útgefandi telur að neðangreindir áhættuþættir geti haft áhrif á getu útgefandans til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum í tengslum við verðbréfin, en starfsemi útgefanda hefur í för með sér margvíslega áhættu. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um.

Stjórn útgefanda hefur stofnað áhættustýringarnefnd sem ber ábyrgð á að móta áhættustefnu félagsins og hafa eftirlit með henni. Nefndin upplýsir stjórnina reglulega um starfsemi sína. Félagið fær einnig utanaðkomandi ráðgjöf sérfræðinga um áhættustýringu.

Fjárfestar eru hvattir til að leita sér ráðgjafar áður en ákvörðun um fjárfestingu er tekin. Einkum er fjárfestum bent á að leggja mat á þau atriði sem upp eru talin hér að neðan.

## 1.2 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Standi mótaðili útgefanda ekki við skuldbindingar sínar getur það haft áhrif á tekjur útgefanda. Til að draga úr þeirri áhættu er lagt mat á þá aðila sem útgefandi gengur til samninga við með það að markmiði að meta getu þeirra til að standa við skuldbindingar sínar. Þrátt fyrir slíkt mat er ekki hægt að útiloka að ekki verði staðið við gerða samninga. Á sama hátt geta mótaðilar útgefanda rift samningum við félagið standi það ekki við samningsskuldbindingar sínar.

## 1.3 Vaxtaáhætta

Útgefandi er fjármagnaður með eigin fé, lánsfé og útgáfu verðbréfa. Lántökur félagsins eru allar með föstum vöxtum.

## 1.4 Verðbólguáhætta

Verðbólga getur haft áhrif á eignir og skuldir útgefanda þannig að verði aukning á verðbólgu getur það leitt til hækkunar verðtryggðra eigna og skulda sem og hærri vaxtatekna og –gjalda. Gjaldskrár-ákvarðanir fyrirtækisins hafa byggt í meginatriðum á þróun verðlags þó gjaldskrá hafi ekki fylgt verðlagi að fullu.

## 1.5 Gjaldmiðlaáhætta

Útgefandi færir bókhald sitt og gerir upp í íslenskum krónum. Við skiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf., urðu eftir hjá HS Orku hf., vaxtaberandi skuldir alls að verðmæti 17.593.849 þúsund króna miðað við 1. júlí 2008. Útgefandi tók yfir vaxtaberandi skuldir á sama tíma að verðmæti 280.497 þúsund króna auk þess að taka yfir skuldbindingu gagnvart HS Orku hf. í íslenskum krónum að upphæð 5.454.292 þúsund króna. Tilgangur útgáfu þessarar er að greiða upp ofangreinda skuldbindingu gagnvart HS Orku hf. Gjaldmiðlaáhætta útgefanda er óveruleg þar sem eignir og skuldir félagsins eru í íslenskum krónum og einungis óverulegur hluti tekna og gjalda eru í erlendri mynt.

## 1.6 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Útgefandi getur lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta greiðsluskuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga. Eins geta leiðir útgefanda til fjármögnunar á starfsemi sinni lokast eða þeim fækkað með tilheyrandi áhrifum á lausafjárstöðu félagsins og/eða möguleika til endurfjármögnunar. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

## 1.7 Rekstraráhætta

Rekstur útgefanda er háður ýmsum hættum sem ekki eru fyrirsjáanlegar á hverjum tíma. Jarðrask og náttúruhamfarir geta haft mikil áhrif á rekstur félagsins. Þá getur orðspor útgefanda beðið hnekki vegna gjörða starfsfólks, tölvukerfi gætu bilað eða innri ferlar gætu verið ófullnægjandi í ákveðnum tilfellum.

## 1.8 Stjórnunaráhætta

Rekstur útgefanda og eftirlit með fjárfestingum félagsins krefjast mikillar einbeitningar og vinnu af hálfu stjórnenda. Ekki er hægt að útiloka að stjórnendum á hverjum tíma takist ekki að öllu leyti að stýra vexti félagsins og veita á sama tíma núverandi starfsemi nægjanlega athygli.

## 1.9 Starfsmannaáhætta

Útgefandi leggur mikla áherslu á að vinnustaðurinn einkennist af áhugasömu starfsfólki, frumkvöðlastarfi, framúrskarandi fagþekkingu og verkkunnáttu, ríkri þjónustulund, starfsgleði, vellíðan, gagnkvæmri virðingu og gildi fjölskyldunnar. Meðalstarfsaldur starfsmanna félagsins er um 14 ár og meðalaldur starfsmanna er um 51 ár.

Ef félaginu reynist erfitt að ráða og/eða halda í hæft starfsfólk í framtíðinni þá gæti slíkur skortur á hæfu starfsfólki haft neikvæð áhrif á rekstur útgefanda.

## 1.10 Áhætta tengd fjárfestingum í öðrum félögum

Fjárfestingaráhætta tengist aðallega því að arðsemi fjárfestinga verði minni en búist var við. Við skiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf. var hlutafjáreign í Netorku hf. flutt til útgefanda. Engin áform eða skuldbindingar eru um frekari aukningu hlutafjár í Netorku hf.

## 1.11 Lagaleg áhætta

Rekstur útgefanda heyrir undir lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög á auðlinda- og orkusviði nr. 58/2008, lög um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja nr. 10/2001, lög um vatnsveitur auk þess sem útgefandi fellur undir ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og reglugerðir settar á grundvelli þeirra laga. Þessi lög gætu breyst eftir að útgefandalýsing þessi er gefin út sem geta haft áhrif á getu útgefandans til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum í tengslum við verðbréfin. Eins er möguleiki á málssókn alltaf fyrir hendi. Útgefandi er ekki aðili að neinum dómsmálum við dagsetningu þessarar útgefandalýsingar.

## 1.12 Áhætta tengd krossábyrgð

Þar sem um uppskiptingu hlutafélags er að ræða ber útgefandi krossábyrgð á þeim lánum sem eftir voru hjá HS Orku hf. miðað við 1. júlí 2008, alls að upphæð 17.593.849 þúsund króna. Jafnframt ber HS Orka hf. krossábyrgð á þeim lánum sem útgefandi tók yfir við uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf., miðað við 1. júlí 2008, alls að upphæð 280.497 þúsund króna. Krossábyrgðin nær einnig til þeirra skuldbindinga sem stofnast höfðu á tímabilinu 1. júlí 2008 til birtingardags skiptingaráætlunarinnar dagsett 29. október 2008.

Um krossábyrgð segir samkvæmt 3. mgr. 133.gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög:

> *„Ef kröfuhafi í félaginu, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu kröfu sinnar í því félagi sem kröfuna skal greiða ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess sem við bættist í hverju einstöku viðtökufélagi þegar áætlunin var birt en ábyrgð félagsins, sem skipt er og heldur áfram starfsemi, takmarkast við nettóverðmæti þess sem var eftir í félaginu á sama tíma.“*

Eigið fé sem fært var til HS Veitna hf. skv. skiptingarefnahagsreikningi 1. júlí 2008 nam 9.448.921 þúsund krónum. Skv. 3. mgr. 133.gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög takmarkast krossábyrgð útgefanda gagnvart HS Orku hf. við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til HS Veitna hf. Skiptingaráætlunin var birt í Lögbirtingi 29. október 2008 og krossábyrgð útgefanda nær til þeirra skuldbindinga sem stofnast höfðu fyrir þann tíma.

## 2. Ábyrgir aðilar

### 2.1 Yfirlýsing stjórnar

Stjórn HS Veitna hf., kt. 431208-0590, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ, fyrir hönd útgefanda, lýsir því yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjanesbær, 19. nóvember 2009
fh. stjórnar HS Veitna hf.

Árni Sigfússon, kt. 300756-5309,
formaður stjórnar

Björk Guðjónsdóttir, kt. 160154-7649,
meðstjórnandi

Davíð Stefánsson, kt. 170964-4389,
meðstjórnandi

Eyjólfur Sæmundsson, kt. 280950-3199,
meðstjórnandi

Glúmur Jón Björnsson, kt. 190969-3559
meðstjórnandi

Guðbrandur Einarsson, kt. 291058-3619,
meðstjórnandi

Þór Gíslason, kt. 041163-5779,
meðstjórnandi og varaformaður stjórnar

### 2.2 Yfirlýsing umsjónaraðila

MP Banki hf., kt. 540599-2469 , Skipholti 50d, 105 Reykjavík, fyrir hönd umsjónaraðila, lýsir því yfir að samkvæmt bestu vitund MP Banka hf. eru upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 19. nóvember 2009
Fh. MP Banka hf.

Friðrik Einarsson,
forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar.

# 3. Löggiltir endurskoðendur

Löggiltir endurskoðendur útgefanda og Hitaveitu Suðurnesja hf. á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til í lýsingunni eru KPMG hf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík – Kristrún H. Ingólfsdóttir og Sæmundur Valdimarsson - og hafa þau áritað reikninga félagsins án athugasemda.

Endurskoðendurnir hafa ekki sagt starfi sínu lausu, verið leystir frá störfum eða misst af endurkjöri á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til.

Endurskoðendur eru í Félagi löggiltra endurskoðenda.

# 4. Upplýsingar um útgefandann

## 4.1 Saga og þróun útgefandans

### 4.1.1 Almennt

Lögheiti útgefanda er HS Veitur hf., kt. 431208-0590, til heimilis að Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ. Viðskiptaheiti útgefanda er HS Veitur. Sími í höfuðstöðvum félagsins er (+354) 422 5200, slóð heimasíðu félagsins er www.hsveitur.is og almennt netfang er hs@hs.is. Félagið er hlutafélag og skráð sem slíkt á Íslandi árið 2008. Félagið starfar eftir lögum um hlutafélög nr. 2/1995. Stofndagur félagsins er 1. desember 2008 en þann dag var skiptingaráætlun samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf. og ný stjórn HS Veitna hf. skipuð.

Í maí 2008 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði. Samkvæmt lögunum bar Hitaveitu Suðurnesja hf. að aðskilja formlega í sérstökum félögum einkaleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi. Lögformlegur aðskilnaður HS Orku hf. og HS Veitna hf. miðast við 1. júlí 2008 en miðað er við þá dagsetningu í skiptingaráætlun. Bókhaldslegum og stjórnunarlegum aðskilnaði lauk hins vegar ekki fyrr en 31. desember 2008.

Starfsemi útgefanda er tengd starfsemi fyrrum Hitaveitu Suðurnesja hf. en útgefandi tekur við rekstri á dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni af Hitaveitu Suðurnesja hf. ásamt fleiru. Nánari útlistun á þeim rekstrareiningum sem runnu inn í HS Veitur hf. við uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf. má finna í fylgiskjali 1 í skiptingaráætlun. Í útgefandalýsingu þessari eru því gerð skil á sögu Hitaveitu Suðurnesja hf. sem og starfsemi og framtíðarhlutverki útgefanda.

### 4.1.2 Saga og þróun

Á fundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 10. september 1973 var samþykkt að kjósa þrjá menn úr stjórninni í nefnd til að undirbúa stofnun félags um byggingu og rekstur hitaveitu við Svartsengi. Hlaut hún nafnið Hitaveitunefnd Suðurnesja. Í framhaldi af þessum undirbúningi var síðan gengið frá stofnun Hitaveitu Suðurnesja. Lög um hana voru samþykkt á Alþingi 18. desember 1974 og þau síðan staðfest af forseta Íslands 31. desember 1974 (Lög nr. 100 frá 31. desember 1974).

Árið 1976 var merkisár í sögu Hitaveitu Suðurnesja. Lokið var við lagningu 1. og 2. áfanga dreifiveitu í Grindavík og aðveituæðin til Grindavíkur, Grindavíkuræð, fullfrágengin. Að mestu var lokið við 1. áfanga dreifikerfa í Njarðvík og Keflavík.

Þann 17. maí 1985 var undirritaður samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Hitaveitu Suðurnesja um sölu á eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum til Hitaveitunnar og tók hann gildi 1. júlí 1985.

Þá var hinn 5. júlí 1985 undirritað samkomulag milli Hitaveitu Suðurnesja og sveitarfélaga á Suðurnesjum um sameiningu rafveitna á Suðurnesjum og Hitaveitu Suðurnesja. Árið 2001 varð samruni Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar. Við þennan samruna var Hitaveitu Suðurnesja, fyrst íslenskra orkufyrirtækja, breytt í hlutafélag.

Á árinu 2002 sameinuðust Bæjarveitur Vestmannaeyja við Hitaveitu Suðurnesja hf. og á árinu 2003 urðu sameiningar við rafveituhluta Selfossveitna og við vatnsveitu Reykjanesbæjar.

Árið 2004 keypti Hitaveita Suðurnesja hf. vatnsveitu Garðs og var hún sameinuð rekstri félagsins. Árið 2006 tók Hitaveita Suðurnesja hf. við umsjón með veitukerfum Keflavíkurflugvallar.

Síðustu 10 ár hafa verið viðburðarrík í sögu Hitaveitu Suðurnesja hf. Orkuframleiðsla í virkjunum félagsins í Svartsengi og við Reykjanesvirkjun hefur verið 12 földuð og aukin um 160 MW á þessum tíma. Alls er uppsett rafafl í þessum tveimur virkjunum um 175 MW.

Á árinu 2008 var:

- Heitavatnsframleiðsla alls 11,1 milljónir tonna
- Uppsett varmaafl alls 150 $MW_t$
- Ferskvatn til Suðurnesjabyggða alls 6,7 milljón tonn
- Jarðhitavökvi sem var seldur Bláa Lóninu nam alls 35 lítrum/sek að meðaltali
- Niðurdæling nam alls 190 kg/sek að meðaltali

Íbúafjöldi dreifiveitusvæðis Hitaveitu Suðurnesja hf.

- Raforka, alls 64.000 manns
- Hitaveita, alls 25.600 manns
- Vatnsveita, alls 19.800 manns auk vatnsöflunar fyrir 5.800 manns

Á árinu 2008 var Hitaveitu Suðurnesja hf. skipt upp í annars vegar HS Veitur hf. og hins vegar HS Orku hf. eins og fram kemur í kafla 4.1.1.

## 4.2 Fjárfestingar HS Veitna hf.

### 4.2.1 Netorka hf.

HS Veitur hf. fara með 9,1% eignar- og atkvæðishlut í Netorku hf. Netorka hf. gegnir því hlutverki að vera sameiginlegt mæligagna- og uppgjörsfyrirtæki fyrir íslenskan raforkumarkað í markaðsvæddu umhverfi. Netorka hf. annast uppgjör og vinnslu sölumælinga og heldur utan um breytingar á viðskiptum raforkuseljenda og kaupenda. Netorka hf. útbýr einnig orkuspár fyrir orkufyrirtækin sem byggir á sögulegum gögnum, félagslegri hegðun og veðurspám. Nánari upplýsingar um félagið er að finna á heimasíðu þess, www.netorka.is

Engin áform eða skuldbindingar eru um frekari aukningu hlutafjár í Netorku hf.

## 4.3 Dómsmál eða gerðardómsmál

Engin stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál eru í gangi nú, né hafa verið í gangi á sl. 12 mánuðum, sem kunna að hafa haft eða hafa að undanförnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda.

# 5. Yfirlit yfir starfsemi

## 5.1 Helsta starfsemi

Við uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf. rann veituhluti félagsins til HS Veitna hf. og mun útgefandi eiga og reka þann hluta framvegis.

Í 3. grein samþykkta HS Veitna hf., sem samþykktar voru á hluthafafundi félagsins þann 1. desember 2008, kemur fram að tilgangur félagsins er rekstur og eignarhald á dreifiveitum fyrir raforku, kalt og heitt vatn.

HS Veitur hf. annast raforkudreifingu á Suðurnesjum, í Hafnarfirði, á Álftanesi, í hluta Garðabæjar, í Vestmannaeyjum og í Árborg. Félagið annast hitaveiturekstur á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum og vatnsveiturekstur að stórum hluta á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum. Hér að neðan gefur að líta áætlaða sundurliðun á tekjum HS Veitna hf. árið 2009 eftir landssvæðum.

| | |
|---|---|
| Suðurnes | 59% |
| Hafnarfjörður og nágr. | 20% |
| Vestmannaeyjar | 15% |
| Árborg | 6% |
| | 100% |

HS Veitur hf. eiga og nýta ferskvatnslindir á Suðurnesjum, nánar tiltekið á svæði sem kallað er Lágar sem er mitt á milli Svartsengis og dælustöðvar á Fitjum í Njarðvík.

Eins og segir í 8. gr. laga nr. 10/2001 um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja nær einkaleyfi útgefanda til starfrækslu hita- og rafveitu innan sveitarfélaga, sem aðild eiga að fyrirtækinu, eftir því sem um semst við einstök sveitarfélög og ríkissjóð um yfirtöku á veitukerfi þeirra. Á myndinni hér að neðan getur að líta myndrænt á þá starfsemi og þjónustu sem HS Veitur hf. inna af hendi.




## 5.2 Helstu þjónustu- og vöruflokkar HS Veitna hf.

### 5.2.1 Sala á heitu og köldu vatni

Útgefandi selur vatn, bæði hitaveituvatn og ferskvatn. Vatnið er selt til heimila og fyrirtækja á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum.

### 5.2.2 Dreifing

Útgefandi dreifir rafmagni, hitaveituvatni og neysluvatni á nokkrum dreifisvæðum, ásamt fráveitu. Mismunandi er á milli byggðarlaga hvaða dreifingu HS Veitur hf. annast.

### 5.2.3 Þjónusta

HS Veitur hf. veitir fyrirtækjum, verktökum og einstaklingum ýmsa þjónustu við tengingu á nýjum eða eldri húsum við dreifikerfi.

## 5.3 Áætluð sundurliðun tekna ársins 2009

Hér að neðan gefur að líta áætlaða sundurliðun á tekjum HS Veitna hf. árið 2009.

| | |
|---|---|
| Hitaveita | 35,10% |
| Raforkudreifing | 34,90% |
| Raforkuflutningur | 15,50% |
| Ferskvatnssala | 9,80% |
| Tengigj. og aðrar tekjur | 4,70% |
| | 100,00% |

# 6. Upplýsingar um þróun

Alþingi Íslendinga samþykkti lög nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, í maí 2008. Samkvæmt lögunum ber meðal annars að aðskilja formlega í sérstökum félögum einkaleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi Hitaveitu Suðurnesja hf. eins og segir í 2. grein laganna.

*2. gr.*

*Í stað 3. og 4. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem bæði vinnur raforku og aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna vinnslu raforku aðskildum frá reikningum vegna annarrar vinnslu. Sé hitaveita sem hefur einkaleyfi til starfsemi sinnar háð orkuöflun frá slíku jarðvarmaorkuveri ber því skylda til að afhenda hitaveitu varmaorku í samræmi við þarfir hennar til að sinna skyldum sínum og afkastagetu jarðvarmaorkuversins. Um bókhaldslegan aðskilnað og verðlagningu fyrir afhendingu á slíkri varmaorku fer skv. 41. gr. Rísi ágreiningur um verðlagninguna sker Orkustofnun úr.”*

Jafnframt segir í lögunum nr. 58/2008 um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði:

*9. gr.*

*Við 30. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Hitaveitu sem dreifir heitu vatni eða gufu á grundvelli einkaleyfis er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem henni er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt einkaleyfi eða öðrum sérleyfum og lögum þar að lútandi, sbr. þó 1. mgr. 14. gr. raforkulaga. Hitaveitu er þó heimilt að stunda aðra starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Stjórn hitaveitu skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, flutning eða sölu raforku eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum hennar.*

*10. gr.*

*Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:*
*Hitaveita sem starfar á grundvelli einkaleyfis skal ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.*

Lög þessi nr. 58/2008 um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, höfðu það í för með sér að Hitaveitu Suðurnesja hf. var skipt upp í tvö aðskilin félög.

## 6.1 Skipting Hitaveitu Suðurnesja hf.

Með hliðsjón af lögum nr. 58/2008 um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, samþykkti hluthafafundur Hitaveitu Suðurnesja hf. þann 1. desember 2008 að skipta félaginu upp í tvö félög, þ.e. HS Orku hf. sem er á kennitölu Hitaveitu Suðurnesja hf. og útgefanda, þ.e. HS Veitur hf., kt. 431208-0590. Bæði þessi félög eru til heimilis að Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ.

Samkvæmt lögum og niðurstöðu hluthafafundar Hitaveitu Suðurnesja hf., þann 1. desember 2008, skal lögformlega miða skiptin við 1. júlí 2008 en bókhaldslegur og stjórnunarlegur aðskilnaður kom til framkvæmda 31. desember 2008. Við skiptinguna runnu þær eignir, skuldir og skuldbindingar sem upp eru taldar í fylgiskjölum 1 og 2 í skiptingaráætluninni með þeim breytingum sem koma fram í fráviki frá skiptingaráætlun til HS Veitna hf. og rekstur dreifiveitunnar frá sama tíma. Skiptingaráætlunin var könnuð af KPMG hf. og má finna í kafla 12.3.

Við skiptinguna fengu þáverandi hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja hf. eingöngu bréf í HS Veitum hf. í sama hlutfalli og eignarhlutur þeirra var í Hitaveitu Suðurnesja hf.

Hlutafé í Hitaveitu Suðurnesja hf. áður en skiptingin kom til framkvæmda var að nafnvirði kr. 7.454.816.000. Hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja hf. létu af hendi hlutafé að nafnverði kr. 1.336.429.000 og fengu í staðinn sama nafnverð hlutafjár í HS Veitum hf.

Við ákvörðun um skiptingu hlutafjár var byggt á árshlutauppgjöri Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir fyrstu sex mánuði 2008. Þannig var hlutafé að nafnvirði í HS Orku hf. kr. 6.118.387.000 og hlutafé að nafnvirði í HS Veitum hf. kr. 1.336.429.000. Eigið fé skiptist þannig að kr. 9.448.921.000 fluttust til HS Veitna hf., en eigið fé HS Orku hf. var kr. 18.609.360.000 eftir skiptingu.

Samkvæmt árshlutareikningi HS Veitna hf. 30. júní 2009 nam eigið fé útgefanda kr. 8.754.294 þúsund króna eða 52,2% af heildareignum félagsins.

Við mat á eignum og skuldum félaganna var byggt á fyrirliggjandi endurskoðuðum ársreikningi Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir árið 2007 og könnuðum árshlutareikningi Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2008.

## 6.2 Krossábyrgð HS Veitna hf. og HS Orku hf.

Þar sem um uppskiptingu hlutafélags var að ræða ber útgefandi krossábyrgð á þeim lánum sem eftir voru hjá HS Orku hf. miðað við 1. júlí 2008, alls að upphæð 17.593.849 þúsund króna. Að sama skapi ber HS Orka hf. krossábyrgð á þeim lánum sem útgefandi tók yfir við uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf., miðað við 1. júlí 2008, alls að upphæð 280.497 þúsund króna. Krossábyrgðin nær einnig til þeirra skuldbindinga sem stofnast höfðu á tímabilinu 1. júlí 2008 til birtingardags skiptingaráætlunarinnar, þann 29. október 2008. Breytingar á skuldbindingum fram til birtingardags voru óverulegar.

Um krossábyrgð segir samkvæmt 3. mgr. 133.gr. laga nr. 2/1995 , um hlutafélög:

> *Ef kröfuhafi í félaginu, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu kröfu sinnar í því félagi sem kröfuna skal greiða ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skipingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess sem við bættist í hverju einstöku viðtökufélagi þegar áætlunin var birt en ábyrgð félagsins, sem skipt er og heldur áfram starfsemi, takmarkast við nettóverðmæti þess sem var eftir í félaginu á sama tíma.*

Eigið fé sem fært var til HS Veitna hf. skv. skiptingarefnahagsreikningi 1. júlí 2008 nam 9.448.921 þúsund krónum. Skv. 3. mgr. 133.gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög takmarkast krossábyrgð útgefanda gagnvart HS Orku hf. við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til HS Veitna hf. Skiptingaráætlun var birt í Lögbirtingi þann 29. október 2008 og krossábyrgð útgefanda nær til þeirra skuldbindinga sem stofnast höfðu fyrir þann tíma.

Á árinu 2008 veiktist gengi íslensku krónunnar umtalsvert sem leiddi til þess að eiginfjárhlutfall HS Orku hf. fór niður í 16,3% miðað við 31. desember 2008. Þetta eiginfjárhlutfall var 23% í lok september 2009 skv. könnuðum árshlutareikningi 30. September 2009. Eins og greint er frá í endurskoðuðum ársreikningi HS Orku hf. 2008 uppfyllti HS Orka hf. ekki lengur ákvæði lánasamninga um lágmark eiginfjárhlutfalls og rekstrarhlutfalla og var stærstu lánveitendum félagsins, Norræna Fjárfestingarbankanum (NIB), Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB) og Evrópska Fjárfestingabankanum (EIB) heimilt að gjaldfella lánin og krefjast endurgreiðslu þeirra að fullu.

HS Orka hf. hefur nú náð samkomulagi við NIB og CEB og samkomulag við EIB er á lokastigi. Í samræmi við samkomulagið munu bankarnir afsala sér rétti til gjaldfellingar vegna brota á upphaflegum fjárhagsskilyrðum í ákveðinn tíma og skipta þeim út fyrir ný fjárhagsskilyrði til skamms tíma.

## 7. Skipulag

Við undirbúning og skipulag uppskiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Veitur hf. og HS Orku hf. var unnið í samræmi við það meginmarkmið að raska starfsemi Hitaveitu Suðurnesja hf. eins lítið og unnt væri og um leið að óhjákvæmilegur kostnaðarauki vegna aðskilnaðarins yrði í lágmarki. Jafnframt var lögð áhersla á að varðveita eftir föngum þá jákvæðu heildarmynd sem Hitaveita Suðurnesja hf. hafði gefið af sér. Ennfremur að áhrif breytinganna á starfsmenn fyrirtækisins yrði sem allra minnst. Miðað var við að allir starfsmenn starfi hjá HS Orku hf. en gerður var verksamningur milli fyrirtækjanna þannig að HS Orka hf. annast daglegan rekstur fyrir HS Veitur hf. Yfirstjórn hinna nýju fyrirtækja er þannig hin sama og var hjá Hitaveitu Suðurnesja hf. síðustu 16 árin og er Júlíus Jónsson forstjóri og Albert Albertsson aðstoðarforstjóri. Að öðru leyti eru HS Veitur hf. og HS Orka hf. tvö sjálfstæð fyrirtæki og hvort félag um sig hefur sína sjálfstæðu stjórn.

Eignarhald HS Veitna hf. er að hluta bundið í lögum en eignarhald í HS Orku hf. er frjálst og því getur eignarhald þessara félaga breyst á hvaða tíma sem er, þó þannig að ávallt verður meirihlutaeign í HS Veitum hf. að vera á höndum ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.

## 8. Valdar fjárhagsupplýsingar

Meðfylgjandi útgefandalýsingu þessari eru fjárhagslegar upplýsingar um HS Veitur hf. fyrir árið 2008 ásamt samandregnum árshlutareikningi HS Veitna hf. 30. júní 2009. Enginn rekstur var í HS Veitum hf. árið 2008. Hins vegar urðu breytingar á efnahag útgefanda frá þeim tíma sem skipting Hitaveitu Suðurnesja hf. var ákvörðuð, þ.e. 1. júlí 2008 til þess tíma að bókhaldslegur aðskilnaður tók gildi þann 31. desember 2008. Þessar breytingar voru einkum tengdar varanlegum rekstrarfjármunum félagsins, bæði vegna hefðbundinnar virðisrýrnunnar en einnig var seld vatnslögn til Vestmannaeyja sem var bókfærð á umræddu tímabili og sú sala hafði einnig áhrif á óefnislegar eignir. Þá voru viðskiptakröfur sem tilheyrðu veituhlutanum ásamt öðrum skammtímakröfum keyptar af HS Orku hf. í lok árs 2008. Á seinni hluta ársins 2008 var lítilsháttar tap á rekstri veituhlutans eða um 10 m.kr. sem stafaði að stærstum hluta af því að reiknuð voru fjármagnsgjöld á veituhlutann vegna skulda við HS Orku hf. og vegna langtímalána sem færð voru á HS Veitur hf. í skiptingarefnahagsreikningi 1. júlí 2008.

Ársreikningur HS Veitna hf. 2008 er endurskoðaður og er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn vegna ársins 2008 er áritaður án fyrirvara. Samandreginn árshlutareikningur HS Veitna hf. 30. júní 2009 hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Árshlutareikningurinn er kannaður í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningi. Könnunin felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samæmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að endurskoðendur fái vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Eins og segir í ályktun endurskoðenda á árshlutareikningnum kom ekkert fram sem bendir til þess að

árshlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2009 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Greinagerðir í skiptingaráætlun og fráviki frá skiptingaráætlun eru unnar af Kristrúnu H. Ingólfsdóttur, löggiltum endurskoðanda, KPMG hf. Borgartúni 27- 105 Reykjavík. Kristrún hefur ekki verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefanda.

## 8.1 Tölur úr rekstri HS Veitna hf.

Hér að neðan gefur að líta rekstrartölur úr könnuðum samandregnum árshlutareikningi fyrir fyrstu 6 mánuði ársins 2009 og einnig tölur úr rekstraryfirliti í skýringum ársreiknings 2008.

| Fjárhæðir eru í þúsundum króna | 6m 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 1.954.146 | 3.474.922 |
| Kostnaðarverð sölu | ( 1.389.155) | ( 2.386.125) |
| **Vergur hagnaður** | **564.991** | **1.088.797** |
| Aðrar tekjur | | 3.411 |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 255.551) | ( 435.830) |
| **Rekstarhagnaður** | **309.440** | **656.378** |
| Fjármunatekjur | 33.571 | |
| Fjármunagjöld | ( 402.834) | ( 467.276) |
| **Hagnaður(tap) fyrir tekjuskatt** | **( 59.823)** | **189.102** |
| Tekjuskattur | 16.449 | ( 27.216) |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | **( 43.374)** | **161.886** |

## 8.2 Efnahagsreikningur HS Veitna hf., 30. júní 2009

Hér að neðan gefur að líta stöðu efnahags HS Veitna hf. á mismunandi tímabilum. Tölurnar 30.06.2009 koma úr könnuðum árshlutareikningi 30. júní 2009, tölurnar 31.12.2008 úr endurskoðuðum ársreikningi 2008 og tölurnar 01.07.2008 koma úr kannaðri skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf. og könnuðu fráviki frá skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf.

| Fjárhæðir eru í þúsundum króna | 30.06.2009 | 31.12.2008 | 01.07.2008 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 14.697.685 | 14.732.764 | 16.237.086 |
| Óefnislegar eignir | 686.975 | 692.385 | 135.706 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 13.732 | 15.552 | 15.552 |
| **Fastafjármunir samtals** | **15.398.392** | **15.440.701** | **16.388.344** |
| Rekstrarvörubirgðir | 352.903 | 409.028 | 287.919 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 966.463 | 1.080.342 | 0 |
| Handbært fé | 51.717 | 5.936 | 0 |
| **Veltufjármunir samtals** | **1.371.083** | **1.495.306** | **287.919** |
| Veltufjárhlutfall | 2,83 | 1,69 | |
| **Eignir samtals** | **16.769.475** | **16.936.007** | **16.676.263** |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 1.336.429 | 1.336.429 | 1.336.429 |
| Lögbundinn varasjóður | 334.107 | 334.107 | 334.107 |
| Óráðstafað eigið fé | 7.083.758 | 7.127.132 | 7.778.385 |
| **Eigið fé samtals** | **8.754.294** | **8.797.668** | **9.448.921** |
| Eiginfjárhlutfall | 52,20% | 51,95% | 56,66% |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 6.265.974 | 6.066.424 | 233.075 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 551.681 | 568.130 | 791.199 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 619.930 | 616.926 | 562.644 |
| Aðrar langtímaskuldir | 92.771 | | |
| **Langtímaskuldir samtals** | **7.530.356** | **7.251.480** | **1.586.918** |
| Vaxtaberandi skuldir | 77.937 | 75.432 | 47.422 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 345.349 | 752.301 | 79.118 |
| Skuld við systurfélag | | | 5.454.292 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 61.539 | 59.126 | 59.592 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | **484.825** | **886.859** | **5.640.424** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **16.769.475** | **16.936.007** | **16.676.263** |

## 8.3 Atburðir eftir uppgjörsdag, 30. júní 2009

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil, ársreikningur 2008, var birtur.

Engar mikilvægar breytingar hafa orðið á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda frá birtingu samandregins árshlutareiknings 30. júní 2009.

Eftir birtingu árshlutareiknings 30. júní 2009 hefur orðið sú breyting á eignarhaldi útgefanda að Reykjanesbær hefur keypt allan hlut Geysis Green Energy í HS Veitum hf. Nánar er fjallað um hluthafa Hitaveitu Suðurnesja hf og HS Veitna hf. í kafla 11.

# 9. Stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn

## 9.1 Stjórn og forstjóri

Stjórn HS Veitna hf. stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið. Forstjóri félagsins hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Forstjóra ber að hlíta fyrirmælum stjórnar og veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum. Viðskiptaheimilisfang neðangreindra aðila er að Brekkustíg 36 í Njarðvík, Reykjanesbæ.

Í stjórn HS Veitna hf. sitja:

**Árni Sigfússon,**

Formaður stjórnar, fæddur 1956. Árni lærði stjórnsýslufræði við Háskólann í Tennessee í Bandaríkjunum. Árni hefur verið bæjarstjóri í Reykjanesbæ og leiðtogi Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn frá því í júní 2002. Árni var borgarfulltrúi í Reykjavík í þrettán ár, 1986 - 1999. Á undan bæjarstjórastafi í Reykjanesbæ hafði Árni áður starfað sem deildarstjóri hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, framkvæmdastjóri Stjórnunarfélagsins og framkvæmdastjóri Tæknivals. Árni er formaður stjórnar Keilis, miðstöðvar vísinda og fræða, situr í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar og í stjórn Eignarhaldsfélagsins Fasteignar hf.

**Björk Guðjónsdóttir,**

Meðstjórnandi, fædd 1954. Björk er með Gagnfræðapróf frá Keflavík 1970. Forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar frá 2002. Í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 2005-2007. Alþingismaður suðurkjördæmis síðan 2007 fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Björk hefur setið í Fjárlaganefnd, Iðnaðarnefnd og Viðskiptanefnd Alþingis frá árinu 2007.

**Davíð Stefánsson,**

Meðstjórnandi, fæddur 1964. Davíð Stefánsson er yfirmaður Verkefnaþróunardeildar Geysis Green Energy. Davíð er með MPA frá Harvard háskóla og hefur margra ára reynslu úr opinbera og einka geiranum. Fyrri stöður Davíðs eru meðal annarra deildarstjóri við Samgönguráðuneytið, Viðskiptaráðgjafi hjá Samtökum Atvinnulífsins og partner i Capacent þar sem hans aðalsvið var stefnumótun fyrirtækja í orkugeiranum. Davíð er einnig núverandi stjórnarformaður RES, orkuskólans.

**Glúmur Jón Björnsson,**

Meðstjórnandi, fæddur 1969. Glúmur Jón er með B.Sc. gráðu í efnafræði frá Háskóla Íslands. Glúmur Jón hefur verið starfsmaður rannsóknastofunnar Fjölvers ehf. frá árinu 1994 og framkvæmdastjóri félagsins frá árinu 2000.

**Guðbrandur Einarsson,**

Meðstjórnandi, fæddur 1958. Guðbrandur er stúdent frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja og kerfisfræðingur frá Tölvuháskóla Verzlunarskóla Íslands. Guðbrandur hefur verið starfandi formaður Verslunarmannafélags Suðurnesja frá 1998. Guðbrandur var kjörinn bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ árið 2002 og hefur gegnt því hlutverki síðan.

**Eyjólfur Sæmundsson,**

Meðstjórnandi, fæddur 1950. Eyjólfur útskrifaðist með MS próf í efnaverkfræði árið 1975 og er með MBA gráðu frá árinu 2007. Á árunum 1975 – 1979 starfaði hann sem sérfræðingur í mengunarstjórnun og deildarstjóri í Heilbrigðiseftirliti ríkisins. 1980 var hann ráðinn forstjóri Öryggiseftirlits ríkisins og frá árinu 1981 starfaði hann sem forstjóri Vinnueftirlits ríkisins. Eyjólfur hefur jafnframt starfað sem fyrirlesari á háskólastigi um umhverfisvernd, heilbrigðis og öryggismál á vinnustöðum. Eyjólfur hefur tekið þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum, s.s. IlO sérverkefni í Kenýu og þátttakandi í nefndum á vegum Evrópusambandsins um OSH (SLIC, AC CCA um stórslysavarnir) sem áheyrnarfulltrúi á vegum EFTA/Íslands auk þátttöku í norrænu samstarfi innan norrænu ráðherranefndarinnar, IlO ráðstefnur.

**Þór Gíslason,**

Meðstjórnandi og varaformaður stjórnar, fæddur 1963. Þór er yfirmaður Tæknideildar Geysis Green Energy. Þór nam byggingarverkfræði við Haslev Teknikum í Danmörku frá 1985 til 1989 og hefur ásamt þeirri gráðu skírteini í bortækni frá Aberdeen Drilling School frá 1996. Hann hefur einnig skírteini frá Baker Hughes International og frá Geothermal Resource Council ásamt skírteini í steypun frá Halliburton í Houston, Texas. Áður en Þór kom til Geysis var hann framkvæmdastjóri Jarðborana yfir innlendum markaði síðan 1996 ásamt verkefnum Jarðborana á Azor eyjum í Portúgal.

Í framkvæmdastjórn HS Veitna hf. sitja:

**Júlíus Jón Jónsson,**

Forstjóri, fæddur 1950. Júlíus útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1974 með cand.oceon. gráðu. Júlíus hefur starfað sem forstjóri Hitaveitu Suðurnesja hf. frá árinu 1992 en áður starfaði hann sem fjármálastjóri félagsins en Júlíus hóf störf hjá félaginu árið 1982. Áður en Júlíus hóf störf hjá félaginu starfaði hann sem hagfræðingur fyrir ríkisstofnanir og hafnamálastofnun sem hefur nú sameinast undir merkjum Siglingastofnunar. Júlíus er einnig starfandi forstjóri HS Orku hf.

**Albert L. Albertsson,**

Aðstoðarforstjóri, fæddur 1948. Albert er stúdent úr stærðfræðideild Menntaskólans í Reykjavík, fyrrihlutapróf í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands og mastersspróf í vélaverkfræði (varma- og rennslisfræði, varmavélar: gufu- og gashverflar, kælitækni og kjarnorkuaflfræði). Albert vann tæpt ár í kjarnorkurannsóknarstöðinni í Studsvik þar sem hann lauk mastersverkefni sínu. Albert hefur farið fyrir rannsóknum og þróun og tæknilegri uppbyggingu orkuvera og verkefnum þeim tengdum. Hann hefur setið í stjórnum nokkurra fyrirtækja tengdum Hitaveitunni m.a. Bláa lóninu hf. Þá hefur Albert setið í mörgum nefndum og vinnuhópum utan Hitaveitunnar um jarðvarmatækni og umhverfismál, auk þess að halda fjölda fyrirlestra og ritað margar greinar um jarðhitanýtingu. Albert hefur starfað hjá félaginu frá 1977 þegar hann hóf störf sem forstöðumaður tæknisviðs. Albert er einnig starfandi aðstoðarforstjóri HS Orku hf.

**Geir Þórólfsson,**

Verkefnastjóri á tæknisviði, fæddur 1952. Geir er menntaður tæknifræðingur og er ábyrgur fyrir innleiðingu nýrra verkefna og var verkefnastjóri byggingar á 30MW raforkuveri félagsins sem og 75MW jarðvarmaveitu á árunum 1999-2000. Áður en Geir hóf störf hjá Hitaveitu Suðurnesja hf. starfaði hann sem ráðgjafi hjá VGK Hönnun, nú Mannvit hf., en verkefni hans snérust aðallega um fyrsta fasa uppbyggingar á orkuveri Hitaveitu Suðurnesja hf. í Svartsengi.

**Stefán Jón Bjarnason,**

Fjármálastjóri, fæddur 1948. Stefán Jón er með verslunarpróf frá Bifröst 1971. Stefán hefur starfað hjá Hitaveitu Suðurnesja hf. síðan 1992. Stefán Jón starfaði sem sveitar- og bæjarstjóri í Sandgerði (áður Miðneshreppi ) frá 1986 til 1992, frá 1982 til 1986 sem bæjarstjóri á Dalvík, frá 1977 til 1982 sem bókari og aðalbókari hjá Kaupfélagi Þingeyinga, frá 1974 til 1977 sem deildarstjóri Umferðamiðstöðvar KÞ (afgreiðsla fyrir flutningabíla og sendla, afgreiðsla fyrir Ríkisskip, Sambandsskip og Eimskip, afgreiðsla fyrir Flugfélag Íslands), frá 1971 til 1974 forstöðumaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og Lífeyrissjóðsins Bjargar. Fyrir nám á Bifröst starfaði Stefán Jón við ýmis verslunar- og verkamannastörf og sjómennsku.

## 9.2 Hagsmunaárekstrar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar

Engir hugsanlegir hagsmunaárekstrar eru á milli skyldustarfa stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fyrir útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

# 10. Stjórnarhættir

Útgefandi uppfyllir ekki að öllu leiti reglur um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum Atvinnulífsins en stefnt er að því að innleiðingu reglnanna verði lokið eigi síðar en í árslok 2010. Ástæða þess að ekki er búið að innleiða reglurnar að fullu er sú að félagið er nýstofnað og ekki hefur unnist tími til að ljúka innleiðingu.

## 10.1 Endurskoðunarnefnd

Útgefandi hefur sett á fót endurskoðunarnefnd í samræmi við ofangreinda stjórnarhætti en helstu hlutverk endurskoðunarnefndarinnar eru:

- Að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila,
- Að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits hjá félaginu, innri endurskoðun og áhættustýringu,
- Að fylgja eftir úrbótum á annmörkum innra eftirlits sem kunna að koma fram,
- Að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og samstæðureiknings fyrirtækisins,
- Að meta óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis,
- Að hafa eftirlit með störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis,
- Að setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.

Í endurskoðunarnefndinni sitja tveir stjórnarmenn, þeir Þór Gíslason og Eyjólfur K. Sæmundsson en fjallað er um þá í kafla 9.1. útgefandalýsingar þessarar.

Þriðji aðilinn sem situr í endurskoðunarnefndinni er Böðvar Jónsson.

**Böðvar Jónsson,**

Böðvar er fæddur árið 1968. Hann útskrifaðist árið 2005 sem viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Akureyri með áherslu á fjármál. Böðvar var varabæjarfulltrúi í bæjarstjórn Reykjanesbæjar 1994-1998, bæjarfulltrúi frá 1998 og formaður bæjarráðs frá 2002. Varaþingmaður suðurkjördæmis fyrir Sjálfstæðisflokkinn 2003-2007 og hefur setið í fjölda nefnda og ráða sem fulltrúi Reykjanesbæjar og/eða Sjálfstæðisflokksins. Böðvar er framkvæmdastjóri Byggingafélags Námsmanna, gegndi starfi aðstoðarmanns fjármálaráðherra á árunum 2006-2009 en starfaði þar áður við sölu fasteigna í 15 ár.

Hitaveita Suðurnesja hf. hefur á undanförnum árum skilað uppgjöri tvisvar sinnum á ári. Útgefandi mun halda uppteknum hætti með birtingu uppgjöra á 6 mánaða fresti og daglega er fylgst með áhættuþáttum í rekstri félagsins og brugðist við aðstæðum eftir því sem ástæða þykir til.

# 11. Stærstu hluthafar

## 11.1 Hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja hf. og HS Veitum hf.

Við uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf. fengu hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja hf. eingöngu hlutafé í HS Veitum hf. í sömu hlutföllum sem endurgjald fyrir þær eignir sem runnu í hið nýja félag. Hluthafar Hitaveitu Suðurnesja hf. fengu hluti að nafnverði kr. 1.336.429.000 í HS Veitum hf og var miðað við eignarhlut hlutahafa í Hitaveitu Suðurnesja hf. þann 30. júní 2008.

Hitaveita Suðurnesja hf. hefur lengst af verið í eigu íslenska ríkisins og sveitarfélaga. Árið 2007 tók ríkið þá ákvörðun að selja sinn hlut og var sá hlutur, alls 15,2% af heildarhlutafé félagsins, settur í opinbert tilboðboðsferli.

Geysir Green Energy (GGE) keypti hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf. þann 3. maí 2007 en Hafnarfjörður, Grindavík og Reykjanesbær nýttu forkauprétt sinn síðar eða í byrjun júlí. Áður höfðu mikil viðskipti átt sér stað með hlutabréf í Hitaveitu Suðurnesja hf. þar sem Vestmannaeyjar, Sandgerði, Garður, Vogar, Árborg og Kópavogur seldu GGE bréf sín að mestu og Reykjanesbær þann hluta sem hann hafði áður keypt af hlutabréfum ríkissjóðs. Grindavík seldi Orkuveitu Reykjavíkur nánast öll sín bréf svo og þau bréf ríkissjóðs sem hann hafði keypt og það gerði Hafnarfjörður einnig. Þessar sölur voru allar háðar forkaupsréttarákvæðum. Niðurstaðan var á þá leið að Orkuveita Reykjavíkur og GGE urðu á meðal stærstu hluthafa félagsins í kjölfar þessara breytinga, en áður höfðu þau ekki átt nein hlutabréf í félaginu.

Töluverðar deilur urðu milli hluthafa í tengslum við þessi kaup og sölur í Hitaveitu Suðurnesja hf. en þann 10. júlí 2007 náðist samkomulag um eignarhaldið í félaginu og við uppskiptingu félagsins þann 1. júlí 2008 voru hluthafar Hitaveitu Suðurnesja hf. eftirtaldir:

| Hluthafi | Fjöldi hluta | % eign |
|---|---|---|
| Reykjanesbær | 2.589.803.078 | 34,74% |
| Geysir Green Energy hf. | 2.385.541.120 | 32,00% |
| Orkuveita Reykjavíkur | 1.236.008.493 | 16,58% |
| Hafnarfjarðarbær | 1.149.532.627 | 15,42% |
| Grindavíkurbær | 38.765.043 | 0,52% |
| Sandgerðisbær | 23.855.411 | 0,32% |
| Garður | 23.855.411 | 0,32% |
| Vogar | 7.454.816 | 0,10% |
| **Heildarhlutafé** | **7.454.816.000** | **100%** |

## 11.2 Hlutur Hafnarfjarðarbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur

Í framhaldi af breyttu eignarhaldi í Hitaveitu Suðurnesja hf. sendi Samkeppniseftirlitið Grindavíkurbæ, Hafnarfjarðarbæ, Reykjanesbæ, Hitaveitu Suðurnesja hf. og Orkuveitu Reykjavíkur andmælaskjal þann 25. febrúar 2008 þar sem komist var að þeirri frumniðurstöðu að eignarhlutur Orkuveitu Reykjavíkur í Hitaveitu Suðurnesja hf. raskaði samkeppni.

Hinn 16. apríl 2008 tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun í málinu. Með vísun í 16. grein samkeppnislaga nr. 44/2005 var niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Orkuveitu Reykjavíkur væri óheimilt að eiga meira en 3% eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja hf. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins var kærð til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem kvað upp sinn úrskurð þann 2. júlí 2008. Úrskurðarorð áfrýjunarnefndar samkeppnismála var á þá leið að Orkuveitu Reykjavíkur væri óheimilt að eiga hlut í Hitaveitu Suðurnesja hf. sem næmi 10% eða meira. Eftir skiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf. átti þessi úrskurður eingöngu við samkeppnishlutann þ.e. HS Orku hf.

Fyrir lá að samningur var á milli Hafnarfjarðarbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur þess efnis að Hafnarfjarðarbær hefði einhliða heimild til að selja Orkuveitu Reykjavíkur hlutafé bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja hf., allt eða að hluta. Um var að ræða allt að 15,4178% hlut í Hitaveitu Suðurnesja hf. sem Orkuveitu Reykjavíkur væri skylt að kaup ef krafa kæmi fram um það að hálfu Hafnarfjarðarbæjar. Hafnarfjarðarbær ákvað að nýta sér heimild sína og endaði krafa Hafnarfjarðarbæjar í Héraðsdómi Reykjaness, sem dæmdi Hafnafjarðarbæ í vil og Orkuveita Reykjavíkur var dæmt til að kaupa hlut Hafnafjarðarbæjar í HS Veitum hf. og HS Orku hf.

Í framhaldi af dómi Héraðsdóm Reykjaness seldi Orkuveita Reykjavíkur hlut sinn í HS Orku hf. til Magma Energy Corporation (Magma). Við aðkomu Magma gagnvart HS Orku hf. sköpuðust forsendur fyrir samkomulagi milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hafnafjarðarbæjar varðandi eignarhlut í HS Veitum hf. og hélt Hafnarfjarðarbær sínum upphaflega hlut í HS Veitum hf.

## 11.3 Eignarhald HS Veitna hf.

Í 10. grein laga nr. 58/2008 um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, er bundið í lögum að HS Veitur hf., sem er hitaveita sem starfar á grundvelli einkaleyfis, skuli ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélags og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.

Hlutafé félagsins, HS Veitur hf., er að nafnverði kr. 1.336.429.000 og skiptist það í jafnmarga hluti sem hver er að fjárhæð 1(ein) króna. Hlutirnir hljóða á nafn og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Hlutirnir eru allir í sama flokk og hafa verið greiddir að fullu. Við útgáfu lýsingar þessarar er eignarhald HS Veitna hf. eftirfarandi:

| Hluthafi | Fjöldi hluta | % eign |
|---|---:|---|
| Reykjanesbær | 892.043.759 | 66,75% |
| Orkuveita Reykjavíkur | 221.609.343 | 16,58% |
| Hafnarfjarðarbær | 206.047.937 | 15,42% |
| Grindavíkurbær | 6.802.886 | 0,51% |
| Sandgerðisbær | 4.316.403 | 0,32% |
| Garður | 4.277.099 | 0,32% |
| Vogar | 1.331.573 | 0,10% |
| **Heildarhlutafé** | **1.336.429.000** | **100%** |

## 12. Skjöl til sýnis

Ársreikning HS Veitna hf. vegna fjárhagsársins 2008 og árshlutareikning 30. júní 2009 er hægt að nálgast á heimasíðu útgefanda www.hsveitur.is Einnig er hægt að nálgast skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf., frávik frá skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf., Stofnsamning HS Veitna hf. og samþykktir HS Veitna hf. á sama stað. Hægt að nálgast afrit þessara gagna á skrifstofu útgefanda að Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ, meðan útgefandalýsing þessi er í gildi.

## 12.1 Ársreikningur HS Veitna hf., 2008

# HS veitur hf.

## Ársreikningur 2008

HS veitur hf.
Brekkustíg 36
260 Reykjanesbær

Kt. 431208-0590

# Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar ........ 3

Áritun óháðra endurskoðenda ........ 4

Efnahagsreikningur ........ 5

Eiginfjáryfirlit ........ 6

Skýringar ........ 7

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Ársreikningur HS veitna hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Félagið var stofnað við skiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf. þann 1. desember 2008. 31. desember 2008 voru eignir, skuldir og eigið fé sem tilheyrðu einkaleyfisstarfsemi Hitaveitu Suðurnesja hf. flutt yfir í HS veitur hf. Á sama tíma tóku HS veitur hf. við rekstri á dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni af HS Orku hf. Fjárhæð eiginfjár sem HS veitur hf. yfirtóku nam 8.798 millj. kr.

Í maí 2008 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði. Samkvæmt lögunum bar Hitaveitu Suðurnesja hf. að aðskilja formlega í sérstökum félögum einkaleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi. Lögformlega miðaði skiptingin við 1. júlí 2008. Bókhaldslegum og stjórnunarlegum aðskilnaði lauk hins vegar ekki fyrr en 31. desember 2008 og miðast reikningshaldsleg skipting við þann dag.

Enginn rekstur var í félaginu á árinu 2008. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 16.936 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 8.798 millj. kr. eða 51,9% af heildarfjármagni.

Hluthafar félagsins voru átta í árslok og var fjöldi þeirra óbreyttur frá stofnun félagsins. Í árslok áttu fjórir hluthafar yfir 10% hlut í félaginu, en þeir eru:

| | Eignarhluti |
|---|---|
| Reykjanesbær | 34,74% |
| Geysir Green Energy hf. | 32,00% |
| Orkuveita Reykjavíkur | 16,58% |
| Hafnarfjarðarbær | 15,42% |

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2009.

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þátttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til viðtökufélagsins þegar áætlunin var birt. Er því félagið ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf. að fjárhæð 9.449 millj. kr.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og og framkvæmdastjórnar er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2008.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um stöðu félagsins og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri HS veitna hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2008 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjanesbær, 13. mars 2009

Stjórn:

Árni Sigfússon, stjórnarformaður
Davíð Stefánsson
Eyjólfur Sæmundsson

Glúmur Jón Björnsson
Guðbrandur Einarsson
Þór Gíslason, varaformaður

Forstjóri:

Júlíus Jónsson

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa HS veitna hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning HS veitna hf. fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2008 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 13. mars 2009

***KPMG hf.***

Sæmundur Valdimarsson

Kristrún Ingólfsdóttir

# Efnahagsreikningur 31. desember 2008

| | Skýr. | 2008 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Rekstrarfjármunir | 7 | 14.732.764 |
| Óefnislegar eignir | 8 | 692.385 |
| Eignarhlutir í félögum | 9 | 15.552 |
| Fastafjármunir samtals | | 15.440.701 |
| Rekstrarvörubirgðir | | 409.028 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 10 | 1.080.342 |
| Handbært fé | | 5.936 |
| Veltufjármunir samtals | | 1.495.306 |
| **Eignir samtals** | | 16.936.007 |
| **Eigið fé** | | |
| Hlutafé | | 1.336.429 |
| Lögbundinn varasjóður | | 334.107 |
| Óráðstafað eigið fé | | 7.127.132 |
| Eigið fé samtals | 11 | 8.797.668 |
| **Skuldir** | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 12 | 6.066.424 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 13 | 568.130 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 14 | 616.926 |
| Langtímaskuldir samtals | | 7.251.480 |
| Vaxtaberandi skuldir | 12 | 75.432 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 15 | 752.301 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 14 | 59.126 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 886.859 |
| Skuldir samtals | | 8.138.339 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 16.936.007 |

Skýringar á blaðsíðum 7 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Eiginfjáryfirlit árið 2008

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Árið 2008** | | | | |
| Yfirfært við stofnun félagsins .................................. | 1.336.429 | 334.107 | 7.127.132 | 8.797.668 |
| Eigið fé 31. desember 2008 .................................... | 1.336.429 | 334.107 | 7.127.132 | 8.797.668 |

Skýringar á blaðsíðum 7 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Skýringar

## 1. Félagið

HS veitur hf. er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 13. mars 2009.

### b. *Matsaðferðir*

Reikningsskil félagsins byggja á kostnaðarverði, að því undanskildu að fjármálagerningar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði.

Nánar er fjallað um mat á gangvirði í skýringu 4.

### c. *Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill*

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

### d. *Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða*

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við skiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS veitur hf. fluttist hluti eigna, skulda og eigin fé Hitaveitu Suðurnesja hf. til HS veitna hf. á bókfærðu verði.

### a. *Erlendir gjaldmiðlar*

*Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Áhrif gengisbreytinga eru færð meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

### b. *Fjármálagerningar*

#### (i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

**b. *Fjármálagerningar, frh.:***

**(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar, frh.:**

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

*Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning*
Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

*Aðrir fjármálagerningar*
Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

**(ii) Hlutafé**
*Almennt hlutafé*
Kostnaður við útgáfu hlutafjár er færður til lækkunar á eigin fé.

**c. *Rekstrarfjármunir***

**(i) Færsla og mat**
Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

**(ii) Kostnaður sem fellur til síðar**
Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

**(iii) Afskriftir**
Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Rafveitukerfi ........ | 50 ár |
| Hitaveitu- og ferskvatnskerfi ........ | 50 ár |
| Fasteignir ........ | 50 ár |
| Aðrir rekstrarfjármunir ........ | 5 - 20 ár |

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörsdegi.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.**

***d. Óefnislegar eignir***

**(i) Nýtingarréttur**

Nýtingarréttur er metinn á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

**(ii) Þróunarkostnaður**

Þróunarkostnaður er metinn á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

**(iii) Kostnaður sem fellur til síðar**

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

**(iv) Afskriftir**

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Nýtingarréttur ................................................................................................................ 35 ár

***e. Leigusamningar***

Leigusamningar sem félagið hefur gert teljast til rekstrarleigusamninga og eru hinar leigðu eignir ekki færðar til eignar.

***f. Rekstrarvörubirgðir***

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

***g. Virðisrýrnun***

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

***h. Skuldbindingar***

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspegla markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### i. *Tekjuskattur*

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

### j. *Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim*

Félagið hefur innleitt alla IFRS-reikningsskilastaðla, túlkanir á þeim og breytingar á núverandi stöðlum sem eru í gildi í árslok 2008 og tengjast starfsemi félagsins. Félagið hefur ekki innleitt fyrirfram IFRS-reikningsskilastaðla, túlkanir eða breytingar sem taka gildi eftir 31. desember 2008.

## 4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

### a. *Fjárfestingar í hlutabréfum*

Gangvirði fjáreigna, þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning, er fundið með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörsdegi.

### b. *Viðskiptakröfur og aðrar kröfur*

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörsdags.

### c. *Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður*

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarflæðis höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörsdegi.

## 5. Stýring fjármálalegrar áhættu

### a. *Yfirlit*

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins:

Lánsáhætta
Lausafjáráhætta
Markaðsáhætta.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu hennar. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber að innleiða og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu félagsins. Stjórnin hefur stofnað áhættustýringarnefnd sem ber ábyrgð á að móta áhættustefnu félagsins og hafa eftirlit með henni. Nefndin upplýsir stjórnina reglulega um starfsemi sína. Félagið fær einnig utanaðkomandi ráðgjöf sérfræðinga um áhættustýringu.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir er yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins. Með starfsmannaþjálfun stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

## 5. Stýring fjármálalegrar áhættu, frh.:

### b. *Lánsáhætta*

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

#### (i) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Félagið hefur sett útlánareglur þar sem allir nýir viðskiptamenn eru metnir. Greiðslusaga nýrra viðskiptamanna er könnuð og þeim settar hámarksúttektir.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við forvera þess og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur félagsins eru á einstaklinga og fyrirtæki. Viðskiptamenn sem flokkaðir eru sem áhættusamir eða hafa nýtt útlánahámörk geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar eða innheimtudeild félagsins samþykki frekari úttektir.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

### c. *Lausafjáráhætta*

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

### d. *Markaðsáhætta*

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

#### (i) Gjaldmiðlagengisáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins, tekjur og gjöld eru nær einvörðungu í íslenskum krónum.

#### (ii) Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru allar með föstum vöxtum.

#### (iii) Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsverðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

### e. *Eiginfjárstýring*

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárhlutfalli.

## 5. Stýring fjármálalegrar áhættu, frh.:

### f. *Tekjurammi*

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í 5 ár, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 3,95% arðsemi, en án vaxta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins.

## 6. Rekstraryfirlit

Meðfylgjandi rekstraryfirlit sýnir rekstur félagsins allt árið 2008 og er í samræmi við aflagða starfsemi HS Orku hf. á sama tímabili.

| | |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 3.474.922 |
| Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu | ( 2.386.125) |
| **Vergur hagnaður** | 1.088.797 |
| Aðrar tekjur | 3.411 |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 435.830) |
| **Rekstrarhagnaður** | 656.378 |
| Fjármagnsgjöld | ( 467.276) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals** | ( 467.276) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 189.102 |
| Tekjuskattur | ( 27.216) |
| **Hagnaður ársins** | 161.886 |

## 7. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Rafveitukerfi | Hitaveitu- og fersk- vatnskerfi | Aðrir rekstrar- fjármunir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Kostnaðarverð | | | | |
| Yfirfært við stofnun félagsins | 9.047.611 | 5.075.921 | 609.232 | 14.732.764 |
| Staða 31.12.2008 | 9.047.611 | 5.075.921 | 609.232 | 14.732.764 |
| Bókfært verð | | | | |
| 31.12.2008 | 9.047.611 | 5.075.921 | 609.232 | 14.732.764 |

Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nam um 1.270 millj. kr. í árslok 2008. Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins er um 15.500 millj. kr.

## 8. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

| | Nýtingarréttur | Þróunar- kostnaður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Kostnaðarverð | | | |
| Yfirfært við stofnun félagsins | 555.248 | 137.137 | 692.385 |
| Staða 31.12.2008 | 555.248 | 137.137 | 692.385 |
| Bókfært verð | | | |
| 31.12.2008 | 555.248 | 137.137 | 692.385 |

Nýtingarréttur

Félagið hefur gert samning við Vestmannaeyjabæ um nýtingu neðansjávarleiðslu til flutnings ferskvatns til dreifingar í Vestmannaeyjum. Samningurinn er til 35 ára. Eignfærður er nýtingarréttur vegna þessa.

## 9. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

| | 2008 Eignarhlutur | 2008 Bókfært verð |
|---|---|---|
| Netorka hf. | 9,1% | 15.552 |

## 10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 2008 |
|---|---|
| Viðskiptakröfur á almenna orkunotendur | 380.780 |
| Óinnheimt söluverð neðansjávarleiðslu | 700.000 |
| Aðrar kröfur | 19.687 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | ( 20.125) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 1.080.342 |

## 11. Eigið fé

### Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.336 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu, auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

### Lögbundinn varasjóður

Heimilt er að nota lögbundinn varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en einum fjórða hluta hlutafjárins er heimilt að nota upphæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutaféð eða til annarra þarfa.

### Arður

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2009.

## 12. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu eru veittar í skýringu 16.

| | **31.12.2008** |
|---|---|
| **Langtímaskuldir** | |
| Óveðtryggð bankalán | 182.188 |
| Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum | 5.892.428 |
| Önnur óveðtryggð lán | 67.240 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | ( 75.432) |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals | 6.066.424 |
| **Skammtímaskuldir** | |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | 75.432 |
| Vaxtaberandi skuldir samtals | 6.141.856 |

| | | **31.12.2008** | |
|---|---|---|---|
| | **Lokagjalddagi** | **Meðalvextir** | **Eftirstöðvar** |
| **Skilmálar vaxtaberandi skulda** | | | |
| Verðtryggðar skuldir í íslenskum krónum | 2011-2018 | 5,3% | 6.141.856 |

| Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár: | **31.12.2008** |
|---|---|
| Árið 2009 | 75.432 |
| Árið 2010 | 76.079 |
| Árið 2011 | 41.679 |
| Árið 2012 | 18.414 |
| Síðar | 5.930.252 |
| Vaxtaberandi skuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun | 6.141.856 |

## 13. Tekjuskattsskuldbinding

| Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok: | **2008** |
|---|---|
| Rekstrarfjármunir | 620.755 |
| Rekstrarvörubirgðir | ( 3.987) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | ( 3.019) |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | ( 20.455) |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | ( 25.164) |
| Tekjuskattsskuldbinding 31.12.2008 | 568.130 |

Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt í 10 ár frá myndun þess. Yfirfæranlegt skattalegt tap nam í árslok 168 millj. kr.

## 14. Fyrirfram innheimtar tekjur

Við tengingu á nýjum húsum við flutningskerfi orku eða við endurnýjun á tengingu er innheimt stofngjald af notendum. Stofngjaldið mætir kostnaði vegna nýrra flutningskerfa eða endurnýjunar þeirra. Tengigjöld eru tekjufærð á 15 ára afskriftatíma flutningskerfanna. Fyrirfram innheimtar tekjur námu í árslok 2008 676 millj. kr. Sá hluti fyrirfram innheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda.

## 15. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 2008 |
|---|---|
| Skuld við HS Orku hf. | 697.154 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 55.147 |
| Aðrar skammtímaskuldir samtals | 752.301 |

## 16. Fjármálagerningar

### Lánsáhætta

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

| | Skýr. | 2008 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 10 | 1.080.342 |
| Handbært fé | | 5.936 |
| | | 1.086.278 |

Mesta mögulega tapsáhætta viðskiptakrafna á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum:

| | |
|---|---|
| Almennir orkunotendur | 380.780 |
| | 380.780 |

### Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningskiladegi voru eftirfarandi:

| | 2008 | |
|---|---|---|
| | Brúttó staða | Niðurfærsla |
| Ógjaldfallnar kröfur | 311.810 | 0 |
| 0 - 30 daga | 3.260 | 0 |
| 31 - 60 daga | 33.074 | 4.025 |
| 61 - 90 daga | 15.401 | 6.038 |
| 91 dags og eldri | 17.235 | 10.063 |
| | 380.780 | 20.125 |

### Lausafjársáhætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldir væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

**31. desember 2008**

| | Bókfært verð | Samningsbundið sjóðsflæði | Innan árs | Eftir 1 - 2 ár | Eftir 2- 5 ár | Eftir meira en 5 ár |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 6.141.856 | 9.139.093 | 416.267 | 411.812 | 1.039.013 | 7.272.000 |
| Aðrar skammskuldir | 752.301 | 752.301 | 752.301 | | | |

### Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins eru einvörðungu í íslenskum krónum sem og tekjur þess og gjöld.

## 16. Fjármálagerningar, frh.:

### Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

| | 2008 |
|---|---|
| **Fjármálagerningar með fasta vexti** | |
| Fjárskuldir | 6.141.856 |
| | 6.141.856 |

### Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

| | 2008 |
|---|---|
| **Fjármálagerningar með fasta vexti** | |
| Fjárskuldir | 16.936.007 |
| | 16.936.007 |

### Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti

Fjármálagerningar félagsins með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Því eiga vaxtabreytingar á uppgjörsdegi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins.

| | 2008 | |
|---|---|---|
| | Bókfært verð | Gangvirði |
| Eignarhlutir í félögum | 15.552 | 15.552 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 1.080.342 | 1.080.342 |
| Handbært fé | 5.936 | 5.936 |
| Vaxtaberandi skuldir | 6.141.856 | 6.141.856 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 752.301 | 752.301 |
| | 7.995.987 | 7.995.987 |

Fjallað er um forsendur við ákvörðun gangvirðis í skýringu 4.

## 17. Skuldbindingar

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þátttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til þeirra þegar áætlunin var birt. Er því félagið ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf. að fjárhæð 9.449 millj. kr.

Á árinu 2008 veiktist gengi íslensku krónunnar umtalsvert sem leiddi til þess að eigið fé HS Orku hf. lækkaði niður í 16% sem leiðir til þess að HS Orka hf. uppfyllir ekki lengur skilyrði í lánasamningum við lánveitendur sem kveða á um að eiginfjárhlutfall og að rekstrarhlutföll séu yfir ákveðnu lágmarki. Stjórn og stjórnendur HS Orku hf. vinna að því með lánveitendum sínum að endursemja um fjármögnun félagsins og telja að unnt verði að ljúka viðræðum innan skamms og að niðurstaða þeirra verði félaginu hagfelld.

## 18. Tengdir aðilar

### Skilgreining tengdra aðila

Eigendur með yfir 25% eignarhlut, hlutdeildarfélag , stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

## 12.2 Árshlutareikningur HS Veitna hf., 30. júní 2009

# HS Veitur hf.

## Samandreginn árshlutareikningur
## 30. júní 2009

HS Veitur hf.
Brekkustíg 36
260 Reykjanesbær

Kt. 431208-0590

# Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar ........ 3

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda ........ 4

Yfirlit um heildarafkomu ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Eiginfjáryfirlit ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Félagið var stofnað 1. desember 2008 en starfsemi þess hófst 1. janúar 2009 í kjölfar skiptingar á Hitaveitu Suðurnesja hf. Í HS Orku hf. og HS Veitur hf.

Samandreginn árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2009 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins 1.954 millj. kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2009 og tap tímabilsins var 43 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 16.769 millj. kr. í lok júní 2009 (í árslok 2008: 16.936 millj. kr.). Eigið fé nam 8.754 millj. kr. í lok júní 2009 (í árslok 2008: 8.798 millj. kr.) eða 52,2% af heildarfjármagni (í árslok 2008: 52,0%).

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjórnar er samandreginn árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2009 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2009.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri HS Veitna hf. hafa í dag rætt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2009 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 4. september 2009

Stjórn:

Árni Sigfússon, stjórnarformaður

Björk Guðjónsdóttir

Davíð Stefánsson

Eyjólfur Sæmundsson

Guðbrandur Einarsson

Þór Gíslason, varaformaður

Forstjóri:

Júlíus Jónsson

Aðstoðarforstjóri:

Albert Albertsson

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar HS Veitna hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2009, sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum.* Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að árshlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2009 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 4. september 2009

***KPMG hf.***

Kristrún H. Ingólfsdóttir

# Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2009

| | Skýr. | 2009 |
|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 1.954.146 |
| Kostnaðarverð sölu | | ( 1.389.155) |
| **Vergur hagnaður** | | 564.991 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | ( 255.551) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 309.440 |
| Fjármunatekjur | | 33.571 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 402.834) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals** | 10 | ( 369.263) |
| **Tap fyrir tekjuskatt** | | ( 59.823) |
| Tekjuskattur | | 16.449 |
| **Tap tímabilsins og heildartap tímabilsins** | | ( 43.374) |

**Tap á hlut**

| | | |
|---|---|---|
| Grunntap og þynnt tap á hlut | | ( 0,03) |

Engar tekjur eða gjöld eru færð beint á eigið fé á tímabilinu.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 30. júní 2009

| | Skýr. | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 14.697.685 | 14.732.764 |
| Óefnislegar eignir | | 686.975 | 692.385 |
| Eignarhlutir í félögum | | 13.732 | 15.552 |
| Fastafjármunir samtals | | 15.398.392 | 15.440.701 |
| Rekstrarvörubirgðir | | 352.903 | 409.028 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 966.463 | 1.080.342 |
| Handbært fé | | 51.717 | 5.936 |
| Veltufjármunir samtals | | 1.371.083 | 1.495.306 |
| **Eignir samtals** | | 16.769.475 | 16.936.007 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.336.429 | 1.336.429 |
| Lögbundinn varasjóður | | 334.107 | 334.107 |
| Óráðstafað eigið fé | | 7.083.758 | 7.127.132 |
| Eigið fé samtals | | 8.754.294 | 8.797.668 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 11 | 6.265.974 | 6.066.424 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 551.681 | 568.130 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 619.930 | 616.926 |
| Aðrar langtímaskuldir | 12 | 92.771 | 0 |
| Langtímaskuldir samtals | | 7.530.356 | 7.251.480 |
| Vaxtaberandi skuldir | 11 | 77.937 | 75.432 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 345.349 | 752.301 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 61.539 | 59.126 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 484.825 | 886.859 |
| Skuldir samtals | | 8.015.181 | 8.138.339 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 16.769.475 | 16.936.007 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2009

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **1. janúar - 30. júní 2009** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2009 ............................................ | 1.336.429 | 334.107 | 7.127.132 | 8.797.668 |
| Tap tímabilsins og heildartap tímabilsins ................ | | | ( 43.374) | ( 43.374) |
| Eigið fé 30. júní 2009 ............................................. | 1.336.429 | 334.107 | 7.083.758 | 8.754.294 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2009

| | Skýr. | 2009 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Tap tímabilsins | | (43.374) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| Aðrar langtímaskuldir hækkun | 12 | 92.771 |
| Afskriftir | 9 | 244.992 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 10 | 369.263 |
| Tekjuskattur | | (16.449) |
| Hreint veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta | | 647.203 |
| Rekstrarvörubirgðir, lækkun | | 56.125 |
| Skammtímakröfur, lækkun | | 113.879 |
| Skammtímaskuldir, lækkun | | (575.964) |
| Fyrirfram innheimtar tekjur, hækkun | | 5.417 |
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta | | 246.660 |
| | | |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 33.571 |
| Greidd vaxtagjöld | | (11.448) |
| Handbært fé frá rekstri | | 268.783 |
| | | |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | (202.127) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | (2.376) |
| Söluverð eignarhluta í öðrum félögum | | 1.820 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (202.683) |
| | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Afborganir langtímalána | | (20.319) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | (20.319) |
| | | |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 45.781 |
| | | |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 5.936 |
| | | |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 51.717 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

**1. Félagið**

HS Veitur hf. er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf.  Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

**2. Grundvöllur reikningsskilanna**

**a.** ***Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt***

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur HS Veitna hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2008.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 4. september 2009.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2008.  Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.hsveitur.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að eignarhlutir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði.

**a.** ***Tekjur***

*Rekstrartekjur*

Tekjur af sölu á raforku og vatni ásamt orkuflutningi eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Á milli mælinga er notkun áætluð út frá fyrri fyrri reynslu.  Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu á vöru eða þjónustu.

*Tekjurammi*

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift rekstrarfjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 3,95% arðsemi eigin fjár, en án vaxta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins.

*Tengigjöld*

Við tengingu á nýjum húsum við flutningskerfi orku eða við endurnýjun á tengingu er innheimt stofngjald af notendum.  Stofngjaldið mætir kostnaði vegna nýrra flutningskerfa eða endurnýjunar þeirra.  Tengigjöld eru tekjufærð á 15 ára afskriftartíma flutningskerfanna. Tengigjöld sem ekki hafa verið tekjufærð eru færð sem fyrirfram innheimtar tekjur í efnahagsreikningnum.

**b.** ***Rekstrarleigugreiðslur***

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

**c.** ***Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld***

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gagnvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

**Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

d. ***Tekjuskattur***

Tekjuskattur tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

e. ***Hagnaður á hlut***

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

f. ***Starfsþáttayfirlit***

Starfsþáttur er þáttur innan félagsins sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og kallað á kostnað, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfsþætti innan félagsins. Við rekstrarlegar ákvarðanir byggja stjórnendur félagsins eftir því sem við á á tiltækum fjárhagslegum upplýsingum um starfsþætti og leggja mat á afkomu einstakra starfsþátta.

Afkoma starfsþátta innifelur bæði tekjur og gjöld sem tengjast beint viðkomandi starfsþætti sem og tekjur og gjöld sem hægt er með skynsamlegum hætti að úthluta á starfsþætti. Ákveðnum liðum er ekki úthlutað á einstaka starfsþætti. Er þar einkum um að ræða fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, tekjur og gjöld af eignarhlutum og tekjuskatt.

g. ***Framsetning reikningsskilanna***

Í ársbyrjun 2009 tók gildi endurbættur staðall IAS 1 um framsetningu reikningsskila. Áhrif hans á árshlutareikninginn eru þau að tekjur og gjöld sem áður voru færð annaðhvort í rekstrarreikning eða á eigið fé eru nú færð í einu yfirliti er nefnist yfilit um heildarafkomu. Breytingin hefur aðeins áhrif á framsetningu og hreyfir ekki kennitöluna hagnað á hlut.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

| Tímabilið 1. janúar - 30. júní 2009 | Raforku-dreifing | Heitt vatn sala og dreifing | Ferskt vatn sala og dreifing | Annað | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur samtals | 1.009.499 | 674.299 | 173.886 | 96.462 | 1.954.146 |
| Rekstrarafkoma starfsþátta | 126.121 | 143.076 | 49.836 | ( 9.593) | 309.440 |
| **Óskiptir liðir** | | | | | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | | | | | ( 369.263) |
| Tekjuskattur | | | | | 16.449 |
| Tap tímabilsins | | | | | ( 43.374) |
| Eignir starfsþátta | 9.385.271 | 3.543.685 | 2.310.781 | 144.923 | 15.384.660 |
| Óskiptar eignir | | | | | 1.384.815 |
| Eignir samtals | | | | | 16.769.475 |
| Fjárfestingar | 163.807 | 24.487 | 16.209 | 0 | 204.503 |
| Afskriftir | 154.175 | 48.844 | 40.574 | 1.399 | 244.992 |

## 6. Rekstraryfirlit

Meðfylgjandi rekstraryfirlit sýnir rekstur sem félagið yfirtók frá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir sama tímabili árið 2008 eins og ef félagið hefði verið í rekstri á því tímabili.

| | 2008<br>1.1- 30.6 |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 1.735.872 |
| Kostnaðarverð sölu | ( 1.305.880) |
| **Vergur hagnaður** | 429.992 |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 257.962) |
| **Rekstrarhagnaður** | 172.030 |

## 7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2009<br>1.1.- 30.6. |
|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 4.051 |
| Gjaldfærð hækkun lífeyrisskuldbindingar | 92.771 |
| Húsnæðiskostnaður | 29.792 |
| Almennur skrifstofukostnaður | 8.907 |
| Aðkeypt þjónusta | 117.435 |
| Annar kostnaður | 1.201 |
| Afskriftir | 1.394 |
| Annars rekstarkostnaður samtals | 255.551 |

## 8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2009<br>1.1.- 30.6. |
|---|---|
| Stjórnarlaun | 3.388 |
| Hækkun lífeyrisskuldbindingar | 92.771 |
| Önnur launatengd gjöld | 663 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 96.822 |

## 9. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

| | 2009<br>1.1.- 30.6. |
|---|---|
| Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna | 237.060 |
| Afskrift óefnislegra eigna | 7.932 |
| Afskriftir færðar á kostnaðarverð sölu í rekstrarreikningi | 244.992 |

## 10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2009 1.1.- 30.6. |
|---|---|
| Vaxtatekjur | 33.571 |
| Fjármunatekjur samtals | 33.571 |
| | |
| Vaxtagjöld | 401.852 |
| Gengistap | 982 |
| Fjármagnsgjöld samtals | 402.834 |
| | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | ( 369.263) |

## 11. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði, greinast þannig:

| | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| **Langtímaskuldir** | | |
| Óveðtryggð bankalán | 163.917 | 182.188 |
| Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum | 6.114.361 | 5.892.428 |
| Önnur óveðtryggð lán | 65.633 | 67.240 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | ( 77.937) | ( 75.432) |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals | 6.265.974 | 6.066.424 |
| | | |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | 77.937 | 75.432 |
| | | |
| Vaxtaberandi skuldir samtals | 6.343.911 | 6.141.856 |

### Skilmálar vaxtaberandi skulda

| | | 30.6.2009 | | 31.12.2008 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Lokagjalddagi | Meðalvextir | Eftirstöðvar | Meðalvextir | Eftirstöðvar |
| Verðtryggðar skuldir í ISK .... | 2011-2018 | 5,3% | 6.343.911 | 5,3% | 6.141.856 |

## 12. Lífeyrisskuldbinding

Félagið kaupir þjónustu af HS Orku hf. samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna. Félagið tekur þátt í kostnaði vegna hækkana á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf. og nam hlutdeild þess á tímabilinu 93 millj. kr. og er færð sem langtímaskuld við HS Orku hf. Hlutdeild félagsins í hækkunum á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf. er greidd með álagi á keypta þjónustu af HS Orku hf.

## 13. Kennitölur

| | 30.6.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall | 2,83 | 1,69 |
| Eiginfjárhlutfall | 52,2% | 51,9% |

## 12.3 Skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf.

Útgáfud.: 29. október 2008

## Hlutafélög - skipting

Hlutafélagaskrá hefur borist skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf., kt. 680475-0169, Brekkustíg 36, Reykjanesbæ, ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, um að skiptingin rýri ekki möguleika lánardrottna til fullnustu í hinum einstöku félögum.
Sérstök athygli er þó vakin á ákvæði 3. mgr. 133. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.
Við skiptinguna verður stofnað nýtt félag sem ber heitið HS veitur hf., sem tekur við hluta af eignum og skuldum Hitaveitu Suðurnesja hf.
Skiptingin miðast við 1. júlí 2008. Frá og með þeim degi tekur viðtökufélagið við þeim eignum og skuldum, réttindum og skyldum, sem til félagsins renna við skiptinguna. Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafund þann, sem endanlega ákveður skiptingu félagsins og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku skiptingaráætlunar og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir birtinguna, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 124. gr. laga nr. 2/1995 lögð fram á skrifstofu félagsins hluthöfum til skoðunar eða afhendingar.

Reykjavík, 27. október 2008.
**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

(2008016764A

Til baka

1907 100 2007

Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra
Laugarvegi 166
150 Reykjavík

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA SÍÐAN 1907

Reykjavík, 24. október 2008
Málanr. 239-08-0402


Efstaleiti 5
103 Reykjavík
5 400 300
5 400 301

42 New Broad Street
London EC2M 1JD
+44 (0) 207 920 3000
+44 (0) 207 920 3099

Codanhus
Gammel Kongevej 60, 5. sal
DK-1850 Frederiksberg C
+ 45 70 229 224
+ 45 70 274 279

logos@logos.is
www.logos.is


Efni: Tilkynning til hlutafélagaskrár um skiptingaráætlun

Í samræmi við fyrirmæli 123. gr. sbr. 133. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög (hfl.) hefur stjórn félagsins Hitaveita Suðurnesja hf., kt. 680475-0169 falið undirrituðum lögmanni að tilkynna Fyrirtækjaskrá um ákvörðun um fyrirhugaða skiptingu félagsins samkvæmt hfl.

Í samræmi við það sendast eftirfarandi skjöl:

1. Skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf., dags. 24. október 2008, undirrituð af stjórn félagsins.
2. Fylgiskjal 1 við skiptingaráætlun, listi yfir yfirteknar eignir HS veitna hf.
3. Fylgiskjal 2 við skiptingaráætlun, listi yfir yfirfærðar skuldir HS veitna hf., pr. 30. júní 2008.
4. Greinargerð stjórnar Hitaveitu Suðurnesja hf., dags. 24. október 2008.
5. Greinargerð matsmanna vegna skiptingar félagsins.
6. Skiptingarefnahagsreikningur, pr. 1. júlí 2008.
7. Staðfesting um könnun endurskoðanda á skiptingarefnahagsreikningi.
8. Drög að samþykktum fyrir HS veitur hf.

Með tilkynningu þessari fylgir einnig kvittun fyrir greiðslu tilkynningargjalds að upphæð kr. 2.100.-

Virðingafyllst,
LOGOS lögmannsþjónusta

Árni Vilhjálmsson, hrl.

24/10 2008

# H I T A V E I T A

# S U Ð U R N E S J A HF.

---

## GÖGN UM SKIPTINGU FÉLAGSINS

---

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

# Efnisyfirlit

Skiptingaráætlun ........ 2
Fylgiskjal 1 - Listi yfir yfirteknar eignir HS veitna hf. ........ 4
Fylgiskjal 2 – Yfirfærðar skuldir pr. 30. júní 2008........ 5
Greinargerð stjórnar Hitaveitu Suðurnesja hf. ........ 6
Greinargerð matsmanna vegna skiptingar Hitaveitu Suðurnesja í tvö hlutafélög, 7
Áritun endurskoðanda ........ 8
Skiptingarefnahagsreikningur 1. júlí 2008........ 9
Drög að samþykktum fyrir HS veitur hf. ........10

# Skiptingaráætlun

**sbr. 120. og 2. mgr. 133. gr. laga nr. 2/1995**

Með hliðsjón af lögum nr. 58/2008 um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, hefur stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf., kt. 680475-0169, í dag gert svohljóðandi áætlun um skiptingu félagsins:

1. Stjórnin hefur ákveðið að leggja til við hluthafafund að skipta félaginu í tvö félög á grundvelli 133. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Annars vegar í HS orku hf. (núverandi félag og kennitala) og hins vegar í nýtt félag, HS veitur hf., sem stofnað verður samhliða afgreiðslu hluthafafundar á skiptingaráætlun þessari, en bæði félögin verða til heimils að Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ.

2. Skiptin miðast við 1. júlí 2008. Miðað er við að skiptingin verði að fullu komin til framkvæmda hinn 31. desember 2008. Við skiptinguna renna þær eignir sem upp eru taldar í 4. tl. til HS veitna hf. og rekstur dreifiveitunnar frá sama tíma.

3. Við skiptinguna fá núverandi hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja hf. eingöngu hlutabréf í HS veitum hf. í sama hlutfalli og eignarhlutur þeirra er í Hitaveitu Suðurnesja hf. Hlutafé í Hitaveitu Suðurnesja hf. áður en skiptingin kemur til framkvæmda er kr. 7.454.816.000. Hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja hf. láta af hendi hlutafé að nafnverði 1.336.429 þúsund króna. og fá í staðinn sama nafnverð hlutafjár í HS veitum hf. Við ákvörðun á skiptingu hlutafjár hefur verið byggt á árshlutauppgjöri fyrir fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs. Þannig verður hlutafé að nafnvirði í HS orku hf. kr. 6.118.387 þúsund króna og hlutafé að nafnvirði í HS veitum hf. 1.336.429 þúsund króna. Eigið fé skiptist þannig að 9.448.921 þúsundir króna flytjast til HS veitna hf., en eigið fé HS orku hf. verður 18.609.360 þúsundir króna eftir skiptingu.

4. Við skiptinguna eignast HS veitur hf. eftirtaldar eignir Hitaveitu Suðurnesja hf.:

   **Sjá fylgiskjal 1.**

5. Við skiptinguna yfirtaka HS veitur hf., með fyrirvara um samþykki lánadrottna, eftirtaldar skuldir og skuldbindingar:

   **Sjá fylgiskjal 2.**

6. Við mat á eignum og skuldum félaganna er byggt á fyrirliggjandi endurskoðuðum ársreikningi félagsins fyrir árið 2007 og könnuðum árshlutareikningi fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2008.

7. Hvorki hluthafar, stjórnendur, lánardrottnar né aðrir skulu njóta sérstakra réttinda eða hlunninda umfram aðra, sbr. 5., 6. og 9. tölul. 120. gr. laga nr. 2/1995.

8. Stjórnarmenn félaganna, framkvæmdastjórar, matsmenn skv. 122. gr. laga nr. 2/1995, eftirlitsmenn, hluthafar eða einstakir hluthafahópar, njóta ekki sérstakra réttinda í félögunum umfram það sem fram kemur í ársreikningum félaganna fyrir árið 2007 og í árshlutareikningi fyrir fyrri hluta árs 2008.

9. Drög að samþykktum HS veitna hf. fylgja skiptingaráætlun þessari.

Til staðfestar á áætlun þessari undirritar stjórn félagsins.

Reykjanesbæ, 24. október 2008

Í stjórn Hitaveitu Suðurnesja

## Fylgiskjal 1 – Listi yfir yfirteknar eignir HS veitna hf.

**Rekstrarfjármunir, rafmagnsdreifing**
11 kV Flugstöðvarsvæði
33 kV str Fitjar -Kef-Helguvík
Aðveitustöðvar fyrir 2000
Bolafótur - álagsstýring
Bæjarhraun 14
Díselvélar Eyjum
Dreifikerfi Suðurland - hfj. Fyrri 2000
Dreifikerfi Eyrarbakki
Fitjabakki 3 og Fitjabr. 32
Fitjabraut 18 lóð
Fitjabraut 20 - 22
Dreifikerfi Flugstöðvarsvæði
Dreifikerfi Garður
Dreifikerfi Grindavík
Dreifikerfi Hafnarfjörður
Dreifikerfi Hafnir
Hjallahraun 4
Dreifikerfi Keflavík
Dreifikerfi Njarðvík
Riðbreytistöð
Dreifikerfi Sandgerði
Dreifikerfi Selfoss
Skildingavegur 5, Vestm.
Dreifikerfi Stokkseyri
Strandvegur 52
Strengir fyrir 2000
Tangagata 1, Vestm.
Dreifikerfi Vestmannaeyjar
Vestmannaeyjar dreifing
Vélasalur búnaður
Dreifikerfi Vogar
Öldugata dreifing

**Rekstrarfjármunir, hitavatnsdreifing**
Aðveitulagnir hitaveitu Vestm.
Dælustöð Dalshverfi
Dælustöð Grindavíkurgeymi
Dælustöð Mánagrund
Dreifikerfi á Reykjanesi
Kyndistöð Eyjum
Stofnæð flugstöð
Stofnæð I-Njarðvík
Stofnæð - Vogaæð
Dreifikerfi Vestmannaeyjar fyrir 2000

**Rekstrarfjármunir, ferskvatnsdreifing**
Dreifikerfi (B) Höfnum
Dreifikerfi (B) Reykjanesbæ
Dreifikerfi Eyjum
Dreifikerfi Garði
Dreifikerfi Höfnum
Dreifikerfi Reykjanesbæ
Dæluhús Höfnum
Dæluhús Reykjanesbæ
Dælustöð Innri-Njarðvík
Dælustöð kalt Vogum
Dælustöð Landeyjasandi
Gjá - Aðalgata stofnæð kalt
Miðlunargeymir Hrafnaklettum
Miðlunargeymir við Löngulág
Neðansjávarleiðsla 1 til Eyja
Neðansjávarleiðsla 2 til Eyja
Sandgerðisæð 2000
Stofnæð Eyjafjöll - Landeyjas.
Stofnæð kalt Vogum

**Óefnislegar eignir**
Jarðhitarannsóknir í Vestmannaeyjum

**Eignarhlutir í öðrum félögum**
Hlutur í Netorku ehf.

---

**Rekstrarvörubirgðir**

| | |
|---|---|
| Birgðir skv. birgðabókhaldi, vöruhús 1,6,8 og 10 | 315.625.380 |
| Niðurfærsla birgða – hlutur dreifingar 63,59% | ( 27.706.812) |
| | 287.918.568 |

---

## Fylgiskjal 2 – Yfirfærðar skuldir og skuldbindingar

### Vaxtaberandi skuldir

| Tilvísun | Mynt | Staða í mynt | Staða 30.6.2008 |
|---|---|---|---|
| NIB Norræni fjárf. bankinn L4711 | CHF | 5.142.390 | 402.392.018 |
| NIB Norræni fjárf. bankinn L4711 | JPY | 735.675.000 | 555.581.760 |
| NIB Norræni fjárf. bankinn L4711 | SEK | 60.951.000 | 809.855.937 |
| EIB 2005 - 6 | CHF | 15.587.000 | 1.219.682.750 |
| EIB 2005 - 6 | EUR | 10.000.000 | 1.256.800.000 |
| EIB 2005 - 6 | CHF | 15.463.000 | 1.209.979.750 |
| Lánasj. sveitarf. nr L86-0101 | | | 16.919.648 |
| Lánasj. sveitarf. nr L86-0102 | | | 16.919.648 |
| Lánasj. sveitarf. nr L86-0103 | | | 16.919.647 |
| Lánasj. sveitarf. nr L86-0104 | | | 17.283.507 |
| Lánasj. sveitarf. nr L86-0105 | | | 17.283.507 |
| Lánasj. sveitarf. nr L86-0106 | | | 18.228.707 |
| Líf.sj. verkfr. nr 490 (Sorpa) | | | 20.445.269 |
| Líf.sj. Vestm. nr. 379 (Sorpa) | | | 2.923.771 |
| Líf.sj. Vestm. nr. 380 (Sorpa) | | | 2.923.771 |
| Íslandsb. 526 nr. 681794 (Sorpa) | | | 2.923.771 |
| Íslandsb. 526 nr. 681795 (Sorpa) | | | 2.923.771 |
| FBA nr. 300106 (Sorpa) | | | 2.923.771 |
| FBA nr. 300107 (Sorpa) | | | 2.923.771 |
| FBA nr. 300108 (Sorpa) | | | 2.923.771 |
| FBA nr. 300109 (Sorps) | | | 2.923.829 |
| Verðb. Ísl.banka nr. 920562 (Sorpa) | | | 2.923.771 |
| Verðb. Ísl.banka nr. 802736 (Sorpa) | | | 8.771.318 |
| Sparisjóður 1194 nr. 002075 (Sorpa) | | | 2.923.771 |
| Sparisjóður 1194 nr. 002076 (Sorpa) | | | 2.923.771 |
| Sparisjóður 1194 nr. 002077 (Sorpa) | | | 2.923.771 |
| Sparisjóður 1194 nr. 002078 (Sorpa) | | | 2.923.771 |
| Ísl.banki 526 nr. 681769 (Sorpa) | | | 2.936.638 |
| Ísl.banki 526 nr. 681770 (Sorpa) | | | 2.936.638 |
| Ísl.banki 526 nr. 746250 (Sorpa) | | | 2.936.638 |
| Ísl.banki 526 nr. 746251 (Sorpa) | | | 2.936.638 |
| Landsbanki 138 nr. 791117 (Sorpa) | | | 5.873.276 |
| Líf.sj. Vestm. nr. 504 (Sorpa) | | | 3.634.592 |
| Orkusjóður nr. 30518206 | | | 313.000 |
| Kadeco | | | 88.148.886 |
| | Samtals | | 5.734.788.853 |

| Skuldbindingar | Staða 30.6.2008 í þús. kr. |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding | 791.199 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 622.236 |

# Greinargerð stjórnar Hitaveitu Suðurnesja hf.

**sbr. 1. mgr. 121. gr. laga nr. 2/1995**

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf. (HS) hefur tekið þá ákvörðun að leggja til við hluthafafund að skipta félaginu í tvö félög og miðast skiptingin við 1. júlí 2008, en kemur ekki til framkvæmda að fullu fyrr en um áramót 2008/2009. Tilgangur skiptingarinnar er að skilja í sundur samkeppnisrekstur og sérleyfisrekstur í starfsemi HS í framhaldi af setningu laga nr. 58/2008 um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

Skiptingin verður með þeim hætti að stofnað verður félagið HS veitur hf., sem tekur við öllum eignum sem tengjast dreifingu á rafmagni, sem og heitu og köldu vatni. Bókfært virði þessara eigna er 16,7 milljarðar króna, miðað við skiptiefnahagsreikning pr. 1. júlí 2008. HS veitur hf. tekur einnig við skuldum og skuldbindingum að fjárhæð 7,2 milljarður króna. Nafni HS verður eftir skiptinguna breytt í HS orka hf. Nöfn beggja félaganna undirstrika kjarnastarfsemi þeirra. Við skiptinguna verða aðrar eignir en þær sem eru taldar í Fylgiskjali 1 við skiptingaráætlunina eftir hjá HS orku hf. Gerður skal samningur milli félaganna um kaup og sölu á heitu og köldu vatni. Þá er gert ráð fyrir því að HS orka hf. og HS veitur hf. muni gera með sér verksamning um þjónustu til HS veitna hf.

Með greinargerð þessari fylgir kannaður skiptingarefnahagsreikningur sem sýnir allar eignir og skuldir í hverju félaganna um sig, þær breytingar sem álitið er að skiptingin muni hafa í för með sér. Þá fylgir greinargerð þessari sérfræðiskýrsla, sbr. 6.-8. gr. laga nr. 2/1995, vegna greiðslu í öðru en reiðufé til hluthafa HS., en skýrsla þessi mun send Fyrirtækjaskrá RSK.

24. október 2008

Í stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf.



KPMG á Íslandi
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Til stjórnar

Hitaveitu Suðurnesja hf.
kt. 680475-0169
Brekkustíg 36
260 Reykjanesbæ

Reykjavík, 24. október 2008

**Efni: Greinargerð matsmanna vegna skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í tvö félög, sbr. 122. og 133. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og 97. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.**

Við höfum kannað skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf. dagsetta 24. október 2008 og viljum í því sambandi taka fram:

Samkvæmt skiptingaráætluninni hafa stjórnendur félagsins samþykkt að leggja fyrir hluthafafund að skipta Hitaveitu Suðurnesja hf. á þann hátt að hluti eigna og rekstrar félagsins renni inn í HS Veitur hf. Um er að ræða þær eignir og þann rekstur Hitaveitu Suðurnesja hf. sem felst í dreifingu á raforku, og heitu- og köldu vatni, ásamt eignum og skuldum sem þeim rekstri tilheyra.

Við skiptinguna fá hluthafar í Hitaveitu Suðurnesja hf. eingöngu hlutafé í HS Veitum hf. sem endurgjald fyrir þær eignir sem renna í hið nýja félag. Hluthafar Hitaveitu Suðurnesja hf. fá hluti að nafnverði kr. 1.336.429.000 í HS Veitum hf. í skiptum fyrir hluti að sama nafnverði í Hitaveitu Suðurnesja hf.

Fyrir liggur greinargerð stjórnar Hitaveitu Suðurnesja hf. um skiptingaráætlunina þar sem hún er skýrð og rökstudd. Þar er meðal annars gerð grein fyrir þeim eignum og skuldum sem renna til HS Veitna hf. og niðurstöðum um mat á skiptihlutföllum hlutafjár. Við ákvörðun skiptihlutfallsins hefur fyrst og fremst verið litið til árshlutauppgjörs sem skiptingin byggir á.

Það er álit okkar að skiptihlutfallið og gagnkvæmt endurgjald sé eðlilega ákvarðað og sanngjarnt miðað við fyrirliggjandi gögn og upplýsingar og það sé efnislega rökstutt, auk þess sem sömu eigendur eru að félögunum fyrir og eftir skiptingu.

Ekki verður séð að skipting Hitaveitu Suðurnesja hf. í tvo hluta muni rýra möguleika lánardrottna félaganna á fullnustu krafna sinna. Sérstök athygli er hins vegar vakin á ákvæði 3. mgr. 133. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, þar sem eftirfarandi kemur fram:

Ef kröfuhafi í félaginu, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu kröfu sinnar í því félagi sem kröfuna skal greiða ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess sem við bætist í hverju einstöku viðtökufélagi þegar áætlunin var birt en ábyrgð félagsins, sem skipt er og heldur áfram starfsemi, takmarkast við nettóverðmæti þess sem var eftir í félaginu á sama tíma.

Virðingarfyllst,

*KPMG hf.*

Kristrún H. Ingólfsdottir, löggiltur endurskoðandi.

KPMG á Íslandi
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Hitaveitu Suðurnesja hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi skiptingarefnahagsreikning Hitaveitu Suðurnesja hf. vegna fyrirhugaðrar skiptingar félagsins, en reikningurinn er byggður á árshlutauppgjöri Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2008. Í skiptingarreikningnum er gerð grein fyrir þeim breytingum á eiginfjárreikningum og öðrum efnahagsliðum sem skiptingin hefur í för með sér.

Samkvæmt skiptingaráætlun stjórna félaganna, dags. 24. október 2008, miðast skiptingin við 1. júlí 2008.

Reykjavík, 24. október 2008.

***KPMG hf.***

Kristrún H. Ingólfsdóttir, lögg. endurskoðandi.

KPMG hf. er íslenskt aðildarfélag KPMG International, svissneskt samvinnufélag.

Reykjavík
Akureyri
Dalvík
Egilsstaðir
Sauðárkrókur
Selfoss
Fjarðabyggð

# Skiptingarefnahagsreikningur 1. júlí 2008

| | Hitaveita Suðurnesja hf. | HS orka hf. | HS veitur hf. |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 40.327.432 | 24.090.346 | 16.237.086 |
| Rekstrarfjármunir í byggingu | 1.257.049 | 1.257.049 | 0 |
| Óefnislegar eignir | 1.008.184 | 872.478 | 135.706 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 217.721 | 217.721 | 0 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 193.068 | 177.516 | 15.552 |
| Afleiðusamningar | 6.742.182 | 6.742.182 | 0 |
| Fastafjármunir samtals | 49.745.636 | 33.357.292 | 16.388.344 |
| Rekstrarvörubirgðir | 452.769 | 164.850 | 287.919 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 1.099.385 | 1.099.385 | 0 |
| Afleiðusamningar | 1.113.506 | 1.113.506 | 0 |
| Handbært fé | 19.636 | 19.636 | 0 |
| Veltufjármunir samtals | 2.685.296 | 2.397.377 | 287.919 |
| **Eignir samtals** | 52.430.932 | 35.754.669 | 16.676.263 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 7.454.816 | 6.118.387 | 1.336.429 |
| Lögbundinn varasjóður | 1.863.704 | 1.529.597 | 334.107 |
| Endurmatsreikningur | 7.602.831 | 987.000 | 6.615.831 |
| Óráðstafað eigið fé | 11.136.930 | 9.974.376 | 1.162.554 |
| Eigið fé samtals | 28.058.281 | 18.609.360 | 9.448.921 |
| **Skuldir** | 53,51% | 52,05% | 56,66% |
| Vaxtaberandi skuldir | 16.584.377 | 10.897.010 | 5.687.367 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 1.274.312 | 483.113 | 791.199 |
| Lífeyrisskuldbinding | 1.149.698 | 1.149.698 | 0 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 562.644 | 0 | 562.644 |
| Langtímaskuldir samtals | 19.571.031 | 12.529.821 | 7.041.210 |
| Vaxtaberandi skuldir | 1.289.969 | 1.242.547 | 47.422 |
| Viðskiptaskuldir aðrar skammtímaskuldir | 3.323.670 | 3.244.552 | 79.118 |
| Tekjuskattur til greiðslu | 128.389 | 128.389 | 0 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 59.592 | 0 | 59.592 |
| Skammtímaskuldir samtals | 4.801.620 | 4.615.488 | 186.132 |
| Skuldir samtals | 24.372.651 | 17.145.309 | 7.227.342 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 52.430.932 | 35.754.669 | 16.676.263 |
| Eiginfjárhlutfall | 53,51% | 52,05% | 56,66% |

Drög — lögð fram með skiptingaráætlun

# Samþykktir fyrir HS veitur hf.

## Nafn félagsins, heimili og tilgangur

1. grein

Félagið er hlutafélag og nafn þess er HS veitur hf.

2. grein

Heimilisfang félagsins er að Brekkustíg 36 í Njarðvík, Reykjanesbæ. Útibú/starfstöðvar eru í Hafnarfirði, í Árborg og í Vestmannaeyjum.

3. grein

Tilgangur félagsins er rekstur og eignarhald á dreifiveitum fyrir raforku, kalt og heitt vatn.

## Hlutafé félagsins

4. grein

Hlutafé félagsins er 1.336.429.000 króna. Hlutafénu er skipt í hluti og er hver hlutur að fjárhæð ein króna að nafnverði. Gefa má út eitt hlutabréf fyrir öllu hlutafé hvers einstaks hluthafa í félaginu. Félaginu er skylt að skipta hlutabréfum í smærri einingar ef fram kemur rökstudd ósk þar um, t.d. vegna búskipta eða sölu hlutafjár. Nú glatast hlutabréf og skal þá eigandi þess fá nýtt bréf jafnskjótt og færðar hafa verið sönnur á að fenginn hafi verið ógildingardómur á hinu glataða bréfi eða hlutabréfið hafi verið ógilt með birtingu áskorunar í Lögbirtingablaðinu, enda greiði hann allan kostnað við það. Ákvæði um að ógilda megi hlutabréfin með birtingu áskorunar í Lögbirtingablaðinu skal prenta á öll hlutabréfin.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hlutabréf skuli gefin út með rafrænum hætti. Allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutafjár.

5. grein

Félagið má ekki eiga sjálft meira en 10% af eigin hlutafé og þá aðeins samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Slík heimild verður aðeins veitt tímabundið og ekki til lengri tíma en 18 mánaða. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

6. grein

Hluthafafundi einum er heimilt að hækka eða lækka hlutafé félagsins hvort heldur um er að ræða lækkun hlutafjár eða hækkun með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Til hækkunar hlutafjár eða lækkunar þarf sama magn atkvæða og til annarra breytinga á samþykktum félagsins.

7. grein

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaðaformi eða með rafrænum hætti. Ef hlutabréf eru gefin út með rafrænum hætti er útskrift úr skrá verðbréfasmiðstöðvar fullgild hlutaskrá. Hlutaskrá skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Í hlutaskrá skal greina:

a. nafnverð hlutar og númer,
b. útgáfudag hlutabréfs,
c. nafn hluthafa, heimilisfang og kennitölu,
d. eigendaskipti að hlutabréfi og skráningardag,
e. breytingar sem verða kunna á skiptum félagsins og hluthafa, svo sem ef hlutabréf er ógilt.

Gagnvart félaginu skal hlutaskrá á hverjum tíma vera fullgild sönnun um eignarhald að hlutum í félaginu og skulu arður á hverjum tíma og tilkynningar allar send til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi hlutar í hlutaskrá félagsins.

Hver hluthafi skal tilkynna stjórn félagsins um póstáritun sína og má senda allar tilkynningar frá félaginu til hans með þeirri áritun. Láti hluthafi hjá líða að tilkynna áritun sína á hann hvorki heimtingu á að fá tilkynningu sem stjórn sendir til hluthafa né heldur að fá arðgreiðslur sendar sér. Arðs getur

hann vitjað á skrifstofu félagsins innan fjögurra ára frá því hann varð gjaldkræfur. Félagið ber ekki ábyrgð á ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna vanrækslu á tilkynningu til félagsins um bústaðaskipti.

## Eigendaskipti að hlutum í félaginu

8. grein

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um þau skriflega.

9. grein

Engar hömlur eru á meðferð hluta í félaginu.

Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til.

Verði eigandaskipti að hlutum í félaginu, með lögmætum hætti samkvæmt framansögðu, skal stjórnin, þegar hinn nýi hluthafi tilkynnir eigandaskiptin og sannar rétt sinn, færa nafn hans í hlutaskrá.

## Hluthafafundir

10. grein

Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem landslög og samþykktir félagsins ákveða, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

11. grein

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Fundinn skal halda innan marka orkusölusvæðis félagsins.

Til hluthafafunda skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa eða með auglýsingu í dagblaði. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir. Fundir skulu boðaðir með minnst viku fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafundi og fara með atkvæðisrétt sinn. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar ef einn fundarmanna krefst þess.

12. grein

Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað án tillits til hversu margir hluthafar mæta. Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykktum þessum.

Samþykki allra hluthafa þarf þó til þess:

a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar;
b. að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi hafi þess ekki verið getið í fundarboði og greint frá meginefni tillögunnar, nema allir hluthafar félagsins samþykki það.

13. grein

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á næstliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar ásamt skýrslu endurskoðenda og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og um arðgreiðslur og framlög í varasjóð.
3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Kosning stjórnar félagsins sbr. 16. grein.
5. Kosning endurskoðenda sbr. 21. grein.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Ef hluthafar sem ráða minnst þriðjungi hlutafjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðun um tölulið tvö til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar, skýrsla endurskoðenda og dagskrá fundarins skulu liggja frammi hluthöfum til sýnis eigi skemur en 7 sólarhringa fyrir aðalfund ásamt þeim aðaltillögum sem koma eiga til atkvæða á fundinum. Viðauka- og breytingartillögur má bera fram á fundinum sjálfum.

14. grein

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

Fundarstjóri stýrir fundi og úrskurðar um ágreiningsatriði.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðanda félagsins eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan gerð skriflega og fundarefni tilgreint. Stjórn skal þá boða fund innan fjórtán daga frá því henni barst krafan. Ef stjórnin skirrist við að boða fund, eða aðalfund ef því er að skipta, eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina hlutafélagaskrár samkvæmt 2. mgr. 87. grein laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

15. grein

Hver hluthafi á rétt til að fá mál tekin fyrir á hluthafafundi, enda geri hann skriflega kröfu þar um með þeim fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins sbr. lokamálsgrein 13. greinar samþykkta þessara. Seturétt á fundum eiga hluthafar og umboðsmenn hluthafa auk endurskoðenda félagsins og framkvæmdastjóra þótt ekki séu hluthafar. Þá getur stjórn boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

## Stjórn félagsins og framkvæmdastjórn

16. grein

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skulu kjörnir jafn margir varamenn sem taka sæti í stjórn í forföllum stjórnarmanna. Um hæfi stjórnarmanna og varamanna þeirra fer að lögum. Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef fram koma tillögur um fleiri menn en kjósa skal. Ef hluthafar sem ráða minnst fimmtungi hlutafjár krefjast, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við stjórnarkjör. Slík krafa skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður þá afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði

formanns úrslitum. Halda skal gjörðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og skulu stjórnarmenn staðfesta hana með undirskrift sinni.

Stjórn félagsins er óheimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra þess lán eða setja tryggingar fyrir þá. Sama regla gildir um maka þessara aðila eða þá sem skyldir eru þessum aðilum að feðgatali eða niðja ellegar standa þeim að öðru leyti nærri. Þetta bann nær þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

17. grein

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á forstjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

18. grein

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málum þess milli hluthafafunda. Meginskyldustörf hennar eru:

1. Að semja við verktaka um að annast daglegan rekstur félagsins.
2. Taki stjórnin um það sjálfstæða ákvörðun er það hlutverk stjórnarinnar að ráða félaginu framkvæmdastjóra, ákveða laun hans og starfskjör, setja honum erindisbréf og hafa eftirlit með störfum hans.
3. Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins og sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sérstaklega skal hún annast um að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna.
4. Að koma fram fyrir félagsins hönd fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
5. Að ákveða hver eða hverjir skuli hafa prókúruumboð fyrir félagið.

19. grein

Heimilt er að ráða framkvæmdastjóra og hefur hann með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að hlíta fyrirmælum stjórnar og veita

stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum. Heimilt er að ráða framkvæmdastjóra úr hópi stjórnarmanna.

## Reikningar félagsins og endurskoðun

20. grein

Á aðalfundi félagsins skal kjósa til eins árs einn endurskoðanda og varamann hans eða endurskoðunarfélag. Skal hann rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má hvorki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins né mega þeir vera fjárhagslega háðir félaginu. Þá má endurskoðandi ekki vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

21. grein

Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings skal senda félagaskrá ársreikning, eða samstæðureikning ef svo ber undir, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda og upplýsingum um hvenær ársreikningur var samþykktur.

## Breytingar á samþykktum félagsins

22. grein

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi hluthafa með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða lögum, sbr. 93. gr. laga nr. 2/1995. Samþykkt hluthafafundar um breytingu á samþykktum félagsins skal án dráttar tilkynna hlutafélagaskrá nema sérstakt tímamark sé tekið fram í samþykktum þessum eða lögum og tekur breytingin ekki gildi fyrr en hún hefur verið skráð.

23. grein

Ákvörðun um félagsslit án gjaldþrotaskipta skal tekin á hluthafafundi. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um félagsslit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit félagsins, skal óska löggildingar hlutafélagaskrár á kosningu skilanefndar.

**Lokaákvæði**

24. grein

Þar sem ákvæði samþykkta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt hverju sinni.

Samþykktir félagsins samþykktar á stofnfundi þess xx. nóvember 2008.

F.h. stofnenda HS veitna hf.

| | |
|---|---|
| f.h. Reykjanesbæjar | f.h. Geysir Green Energy ehf. |
| f.h. Orkuveita Reykjavíkur | f.h. Hafnarfjarðarbæjar |
| f.h. Grindavíkurbæjar | f.h. Sandgerðisbæjar |
| f.h. Sveitarfélagsins Garðs | f.h. Sveitarfélagsins Voga |

## 12.4 Frávik frá skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf.

capacent

27. nóvember 2008

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja
b.t. stjórnarformanns
Brekkustíg 36
260 Reykjanesbæ

**EFNI: TILLAGA UM FRÁVIK FRÁ SKIPTINGARÁÆTLUN**

Skiptingaráætlun fyrir Hitaveitu Suðurnesja, dags. 24. október 2008, hefur legið fyrir á skrifstofu félagsins hluthöfum til skoðunar og/eða afhendingar, sbr. auglýsing í Lögbirtingarblaði dags. 29. október 2008, sbr. og auglýst dagskrá hluthafafundar þann 1. desember næstkomandi.

Í skiptingaráætlun eru tilgreindar þær eignir, skuldir, skuldbindingar og eigið fé Hitaveitu Suðurnesja sem færast munu til nýs félags, HS Veitna, við skiptinguna (sjá fylgiskjöl 1 og 2 með skiptingaráætlun). Skv. áætlun er gert ráð fyrir að HS Veitur yfirtaki vaxtaberandi skuldir að fjárhæð kr. 5.734.788.853, miðað við stöðu skulda þann 30. júní síðastliðinn. Þar af nema vaxtaberandi skuldir í erlendum myntum kr. 5.454.292.215.

Lagt er til að þær erlendu skuldir sem tilgreindar eru að framan verði eftir sem áður skráðar á Hitaveitu Suðurnesja í stað þess að flytjast yfir á HS Veitur, en þess í stað myndist viðskiptaskuld HS Veitna við Hitaveitu Suðurnesja að fjárhæð kr. 5.454.292.215, í íslenskum krónum. Ástæður þessarar frávikstillögu eru einkum tvenns konar:

- Félagið hyggst ráðast í innlenda skuldabréfa útgáfu innan tíðar. Þessi útgáfa skapar skilyrði fyrir því að HS Veitur verði aðskildar á grundvelli viðskiptastöðu milli félaganna að því gefnu að HS Veitur verði útgefandi bréfanna og er lagt til að þeir fjármunir sem safnast í útgáfunni verði nýttir til að greiða viðskiptaskuldina sem myndast milli félaganna.

- Með því að færa einungis skuldir í íslenskum krónum yfir til HS Veitna minnkar gengisáhættu nýs félags til muna enda er gert ráð fyrir að tekjur af veitustarfsemi verði nær einvörðungu í íslenskum krónum.

Skipting félagsins miðast við stöðu eigna og skulda þann 1. júlí 2008. Frá þeim tíma hafa orðið gagngerar breytingar á fjármálamörkuðum og efnahagslífi lands og þjóðar. Frávikstillögunni er ætlað að bregðast við þessum breyttu aðstæðum, og stuðla um leið að farsælum framgangi skiptingar félagsins í samræmi við breytingar á lögum á auðlinda- og orkusviði nr. 58/2008.

Þessi tillaga hefur verið kynnt KPMG, endurskoðendum Hitaveitu Suðurnesja og Logos, sem eru lögfræðilegir ráðunautar félagsins í skiptingarferlinu. Hvorki KPMG né Logos sjá annmarka á þessari tillögu og er álit þeirra meðfylgjandi. Einnig er meðfylgjandi uppfærður skiptingarefnahagsreikningur.

Virðingarfyllst

Sigurður Harðarson
Partner

# Skiptingarefnahagsreikningur 1. júlí 2008

| | Hitaveita Suðurnesja hf. | HS orka hf. | HS veitur hf. |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 40.327.432 | 24.090.346 | 16.237.086 |
| Rekstrarfjármunir í byggingu | 1.257.049 | 1.257.049 | 0 |
| Óefnislegar eignir | 1.008.184 | 872.478 | 135.706 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 217.721 | 217.721 | 0 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 193.068 | 177.516 | 15.552 |
| Afleiðusamningar | 6.742.182 | 6.742.182 | 0 |
| Fastafjármunir samtals | 49.745.636 | 33.357.292 | 16.388.344 |
| Rekstrarvörubirgðir | 452.769 | 164.850 | 287.919 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 1.099.385 | 1.099.385 | 0 |
| Krafa á systurfélag | | 5.454.292 | 0 |
| Afleiðusamningar | 1.113.506 | 1.113.506 | 0 |
| Handbært fé | 19.636 | 19.636 | 0 |
| Veltufjármunir samtals | 2.685.296 | 7.851.669 | 287.919 |
| **Eignir samtals** | 52.430.932 | 41.208.961 | 16.676.263 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 7.454.816 | 6.118.387 | 1.336.429 |
| Lögbundinn varasjóður | 1.863.704 | 1.529.597 | 334.107 |
| Endurmatsreikningur | 7.602.831 | 987.000 | 6.615.831 |
| Óráðstafað eigið fé | 11.136.930 | 9.974.376 | 1.162.554 |
| Eigið fé samtals | 28.058.281 | 18.609.360 | 9.448.921 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 16.584.377 | 16.351.302 | 233.075 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 1.274.312 | 483.113 | 791.199 |
| Lífeyrisskuldbinding | 1.149.698 | 1.149.698 | 0 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 562.644 | 0 | 562.644 |
| Langtímaskuldir samtals | 19.571.031 | 17.984.113 | 1.586.918 |
| Vaxtaberandi skuldir | 1.289.969 | 1.242.547 | 47.422 |
| Viðskiptaskuldir aðrar skammtímaskuldir | 3.323.670 | 3.244.552 | 79.118 |
| Skuld við systurfélag | | 0 | 5.454.292 |
| Tekjuskattur til greiðslu | 128.389 | 128.389 | 0 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 59.592 | 0 | 59.592 |
| Skammtímaskuldir samtals | 4.801.620 | 4.615.488 | 5.640.424 |
| Skuldir samtals | 24.372.651 | 22.599.601 | 7.227.342 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 52.430.932 | 41.208.961 | 16.676.263 |
| Eiginfjárhlutfall | 53,51% | 45,16% | 56,66% |



*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

**KPMG á Íslandi**
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

**Til stjórnarformanns og varaformanns**

Hitaveitu Suðurnesja hf.
kt. 680475-0169
Brekkustíg 36
260 Reykjanesbæ

Reykjavík, 28. nóvember 2008

**Efni: Greinargerð matsmanna vegna skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í tvö félög, sbr. 122. og 133. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og 97. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.**

Við höfum kannað tillögu um frávik frá skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf. dagsetta 24. október 2008. Tillagan er lögð fram af Capacent dags. 27. nóvember 2008. Í því sambandi viljum við taka fram:

Samkvæmt tillögunni um frávik frá skiptingaráætluninni er lagt til að þær erlendu vaxtaberandi skuldir, að fjárhæð 5.454.292.215 kr., sem ráðgert var að HS veitur hf. tækju yfir, verði áfram skráðar hjá Hitaveitu Suðurnesja hf. og þess í stað mynduð skuld hjá HS veitum hf. við Hitaveitu Suðurnesja hf. að fjárhæð 5.454.292.215 kr.

Tillagan um frávik frá skiptingaráætluninni gerir ráð fyrir óbreyttri skiptingu á nafnverði hlutafjár.

Í tillögunni um frávik frá skiptingaráætluninni koma fram skýringar og rökstuðningur á frávikstillögunni.

Ekki verður séð að frávikstillagan muni rýra möguleika lánardrottna félaganna á fullnustu krafna sinna. Við ráðleggjum að frávik frá skiptingaráætluninni verði kynnt fyrir öllum hluthöfum félagsins og stærstu lánardrottnum þess.

Einnig viljum við vekja sérstaka athygli á ákvæði 3. mgr. 133. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, þar sem eftirfarandi kemur fram:

Ef kröfuhafi í félaginu, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu kröfu sinnar í því félagi sem kröfuna skal greiða ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess sem við bætist í hverju einstöku viðtökufélagi þegar áætlunin var birt en ábyrgð félagsins, sem skipt er og heldur áfram starfsemi, takmarkast við nettóverðmæti þess sem var eftir í félaginu á sama tíma.

Virðingarfyllst,

*KPMG hf.*

Kristrún Ingólfsd

Kristrún H. Ingólfsdóttir, löggiltur endurskoðandi.

KPMG

**KPMG á Íslandi**
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnarformanns og varaformanns Hitaveitu Suðurnesja hf.

Skiptingarefnahagsreikningur Hitaveitu Suðurnesja hf. sem miðaður var við tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 og birtur var í skiptingaráætlun félagsins, dags. 24. október s.l., vegna skiptingar sem miðuð er við 1. júlí 2008, hefur verið uppfærður til samræmis við breytingu á skiptingaráætlun sem lýst er í meðfylgjandi tillögu frá Capacent, ráðgjöfum Hitaveitu Suðurnesja, um frávik frá skiptingaráætlun dag. 27. nóvember 2008.

Við höfum kannað breytingar sem gerðar voru á skiptingarefnahagsreikningi Hitaveitu Suðurnesja hf. frá birtingu hans í skiptingaráætlun félagsins dags. 24. október 2008. Uppfærsla skiptingarefnahagsreikningsins er byggð á árshlutauppgjöri Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2008. Í skiptingarreikningnum er gerð grein fyrir þeim breytingum á efnahagsliðum sem uppfærð skipting hefur í för með sér. Tillaga Capacent felur ekki í sér breytingu á skiptingu eiginfjárreikninga frá skiptingaráætlun félagsins, dags. 24. október s.l.

Reykjavík, 28. nóvember 2008.

*KPMG hf.*

Kristrún Ingólfsd

Kristrún H. Ingólfsdóttir, lögg. endurskoðandi.

# Skiptingarefnahagsreikningur 1. júlí 2008 - Uppfærður

| | Hitaveita Suðurnesja hf. | HS orka hf. | HS veitur hf. |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 40.327.432 | 24.090.346 | 16.237.086 |
| Rekstrarfjármunir í byggingu | 1.257.049 | 1.257.049 | 0 |
| Óefnislegar eignir | 1.008.184 | 872.478 | 135.706 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 217.721 | 217.721 | 0 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 193.068 | 177.516 | 15.552 |
| Afleiðusamningar | 6.742.182 | 6.742.182 | 0 |
| Fastafjármunir samtals | 49.745.636 | 33.357.292 | 16.388.344 |
| Rekstrarvörubirgðir | 452.769 | 164.850 | 287.919 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 1.099.385 | 1.099.385 | 0 |
| Krafa á systurfélag | 0 | 5.454.292 | 0 |
| Afleiðusamningar | 1.113.506 | 1.113.506 | 0 |
| Handbært fé | 19.636 | 19.636 | 0 |
| Veltufjármunir samtals | 2.685.296 | 7.851.669 | 287.919 |
| **Eignir samtals** | 52.430.932 | 41.208.961 | 16.676.263 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 7.454.816 | 6.118.387 | 1.336.429 |
| Lögbundinn varasjóður | 1.863.704 | 1.529.597 | 334.107 |
| Endurmatsreikningur | 7.602.831 | 987.000 | 6.615.831 |
| Óráðstafað eigið fé | 11.136.930 | 9.974.376 | 1.162.554 |
| Eigið fé samtals | 28.058.281 | 18.609.360 | 9.448.921 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 16.584.377 | 16.351.302 | 233.075 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 1.274.312 | 483.113 | 791.199 |
| Lífeyrisskuldbinding | 1.149.698 | 1.149.698 | 0 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 562.644 | 0 | 562.644 |
| Langtímaskuldir samtals | 19.571.031 | 17.984.113 | 1.586.918 |
| Vaxtaberandi skuldir | 1.289.969 | 1.242.547 | 47.422 |
| Viðskiptaskuldir aðrar skammtímaskuldir | 3.323.670 | 3.244.552 | 79.118 |
| Skuld við systurfélag | 0 | 0 | 5.454.292 |
| Tekjuskattur til greiðslu | 128.389 | 128.389 | 0 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 59.592 | 0 | 59.592 |
| Skammtímaskuldir samtals | 4.801.620 | 4.615.488 | 5.640.424 |
| Skuldir samtals | 24.372.651 | 22.599.601 | 7.227.342 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 52.430.932 | 41.208.961 | 16.676.263 |

## 12.5 Stofnsamningur og samþykktir HS Veitna hf.

# STOFNSAMNINGUR

**1. gr.**

Heiti félagsins er HS veitur hf. Heimilisfang félagsins er að Brekkustíg 36 í Njarðvík, Reykjanesbæ.

**2. gr.**

Tilgangur félagsins er rekstur og eignarhald á dreifiveitum fyrir raforku, kalt og heitt vatn.

**3. gr.**

Félagið er viðtökufélag við skiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf., kt. 680475-0168, í samræmi við skiptingaráætlun sem stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf. hefur gert með hliðsjón af lögum nr. 58/2008 um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði og samþykkt var á hluthafafundi í dag.

**4. gr.**

Hlutafé félagsins er kr. 1.336.429.000 og skiptist það í jafnmarga hluti sem hver er að fjárhæð 1 (ein) króna. Hlutirnir hljóða á nafn og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Stofnhlutafé er boðið á nafnverði.

**5. gr.**

Stofnendur félagsins eru skráðir fyrir eftirfarandi hlutum í félaginu:

| **Nafn** | **Kennitala** | **Hlutir** |
|---|---|---|
| Reykjanesbær | 470794-2169 | 464.386.479 |
| Geysir Green Energy | 630605-1210 | 427.657.280 |
| Orkuveita Reykjavíkur | 551298-3029 | 221.609.343 |
| Hafnarfjarðarbær | 590169-7579 | 206.047.937 |
| Grindavíkurbær | 580169-1559 | 6.802.886 |
| Sandgerðisbær | 460269-4829 | 4.316.403 |
| Sveitarfélagið Garður | 570169-4329 | 4.277.099 |
| Sveitarfélagið Vogar | 670269-2649 | 1.331.573 |

Hlutaféð er að fullu greitt.

**6. gr.**

Skiptingarefnahagsreikningur Hitaveitu Suðurnesja hf. sem er hluti af skiptináráætlun, sbr. 3. gr. hér að ofan, er jafnframt upphafsefnahagsreikningur HS veitna hf.

**7. gr.**

Kostnaður við stofnun félagsins vegna skráningar þess, annarra lögboðinna gjalda og annars kostnaðar er áætlaður að fjárhæð kr. 250.000.- og greiðist hann úr félagssjóði.

Samþykktir félagsins eru meðfylgjandi stofnsamningi þessum.

Grindavík
~~Reykjavík~~, 1. desember 2008
f.h. stofnenda HS veitna hf.

f.h. Reykjanesbæjar

f.h. Geysir Green Energy ehf.

f.h. Orkuveita Reykjavíkur

f.h. Hafnarfjarðarbæjar

f.h. Grindavíkurbæjar

f.h. Sandgerðisbæjar

f.h. Sveitarfélagsins Garðs

f.h. Sveitarfélagsins Voga

# Samþykktir fyrir HS veitur hf.

## Nafn félagsins, heimili og tilgangur

1. grein

Félagið er hlutafélag og nafn þess er HS veitur hf.

2. grein

Heimilisfang félagsins er að Brekkustíg 36 í Njarðvík, Reykjanesbæ. Útibú/starfstöðvar eru í Hafnarfirði, í Árborg og í Vestmannaeyjum.

3. grein

Tilgangur félagsins er rekstur og eignarhald á dreifiveitum fyrir raforku, kalt og heitt vatn.

## Hlutafé félagsins

4. grein

Hlutafé félagsins er 1.336.429.000 króna. Hlutafénu er skipt í hluti og er hver hlutur að fjárhæð ein króna að nafnverði. Gefa má út eitt hlutabréf fyrir öllu hlutafé hvers einstaks hluthafa í félaginu. Félaginu er skylt að skipta hlutabréfum í smærri einingar ef fram kemur rökstudd ósk þar um, t.d. vegna búskipta eða sölu hlutafjár. Nú glatast hlutabréf og skal þá eigandi þess fá nýtt bréf jafnskjótt og færðar hafa verið sönnur á að fenginn hafi verið ógildingardómur á hinu glataða bréfi eða hlutabréfið hafi verið ógilt með birtingu áskorunar í Lögbirtingablaðinu, enda greiði hann allan kostnað við það. Ákvæði um að ógilda megi hlutabréfin með birtingu áskorunar í Lögbirtingablaðinu skal prenta á öll hlutabréfin.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hlutabréf skuli gefin út með rafrænum hætti. Allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutafjár.

A

5. grein

Félagið má ekki eiga sjálft meira en 10% af eigin hlutafé og þá aðeins samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Slík heimild verður aðeins veitt tímabundið og ekki til lengri tíma en 18 mánaða. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

6. grein

Hluthafafundi einum er heimilt að hækka eða lækka hlutafé félagsins hvort heldur um er að ræða lækkun hlutafjár eða hækkun með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Til hækkunar hlutafjár eða lækkunar þarf sama magn atkvæða og til annarra breytinga á samþykktum félagsins.

7. grein

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaðaformi eða með rafrænum hætti. Ef hlutabréf eru gefin út með rafrænum hætti er útskrift úr skrá verðbréfasmiðstöðvar fullgild hlutaskrá. Hlutaskrá skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Í hlutaskrá skal greina:

a. nafnverð hlutar og númer,
b. útgáfudag hlutabréfs,
c. nafn hluthafa, heimilisfang og kennitölu,
d. eigendaskipti að hlutabréfi og skráningardag,
e. breytingar sem verða kunna á skiptum félagsins og hluthafa, svo sem ef hlutabréf er ógilt.

Gagnvart félaginu skal hlutaskrá á hverjum tíma vera fullgild sönnun um eignarhald að hlutum í félaginu og skulu arður á hverjum tíma og tilkynningar allar send til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi hlutar í hlutaskrá félagsins.

Hver hluthafi skal tilkynna stjórn félagsins um póstáritun sína og má senda allar tilkynningar frá félaginu til hans með þeirri áritun. Láti hluthafi hjá líða að tilkynna áritun sína á hann hvorki heimtingu á að fá tilkynningu sem stjórn sendir til hluthafa né heldur að fá arðgreiðslur sendar sér. Arðs getur

hann vitjað á skrifstofu félagsins innan fjögurra ára frá því hann varð gjaldkræfur. Félagið ber ekki ábyrgð á ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna vanrækslu á tilkynningu til félagsins um bústaðaskipti.

## Eigendaskipti að hlutum í félaginu

8. grein

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um þau skriflega.

9. grein

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína.

Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þó má eigi líða lengri tími en þrír mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt. Ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.

Eigendaskipti vegna arfsals til erfingja við andlát hluthafa eða búskipti lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum.

Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til.

Verði eigandaskipti að hlutum í félaginu, með lögmætum hætti samkvæmt framansögðu, skal stjórnin, þegar hinn nýi hluthafi tilkynnir eigandaskiptin og sannar rétt sinn, færa nafn hans í hlutaskrá.

## Hluthafafundir

10. grein

Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem landslög og samþykktir félagsins ákveða, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

11. grein



ß

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Fundinn skal halda innan marka orkusölusvæðis félagsins.

Til hluthafafunda skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa eða með auglýsingu í dagblaði. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir. Fundir skulu boðaðir með minnst viku fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafundi og fara með atkvæðisrétt sinn. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar ef einn fundarmanna krefst þess.

12. grein

Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað án tillits til hversu margir hluthafar mæta. Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykktum þessum.

Samþykki allra hluthafa þarf þó til þess:

a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar;
b. að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi hafi þess ekki verið getið í fundarboði og greint frá meginefni tillögunnar, nema allir hluthafar félagsins samþykki það.

13. grein

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á næstliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar ásamt skýrslu endurskoðenda og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og um arðgreiðslur og framlög í varasjóð.
3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Kosning stjórnar félagsins sbr. 16. grein.
5. Kosning endurskoðenda sbr. 21. grein.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Ef hluthafar sem ráða minnst þriðjungi hlutafjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðun um tölulið tvö til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar, skýrsla endurskoðenda og dagskrá fundarins skulu liggja frammi hluthöfum til sýnis eigi skemur en 7 sólarhringa fyrir aðalfund ásamt þeim aðaltillögum sem koma eiga til atkvæða á fundinum. Viðauka- og breytingartillögur má bera fram á fundinum sjálfum.

14. grein

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

Fundarstjóri stýrir fundi og úrskurðar um ágreiningsatriði.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðanda félagsins eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan gerð skriflega og fundarefni tilgreint. Stjórn skal þá boða fund innan fjórtán daga frá því henni barst krafan. Ef stjórnin skirrist við að boða fund, eða aðalfund ef því er að skipta, eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina hlutafélagaskrár samkvæmt 2. mgr. 87. grein laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

15. grein

Hver hluthafi á rétt til að fá mál tekin fyrir á hluthafafundi, enda geri hann skriflega kröfu þar um með þeim fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins sbr. lokamálsgrein 13. greinar samþykkta þessara. Seturétt á fundum eiga hluthafar og umboðsmenn hluthafa auk endurskoðenda félagsins og framkvæmdastjóra þótt ekki séu hluthafar. Þá getur stjórn boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

## Stjórn félagsins og framkvæmdastjórn

16. grein

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skulu kjörnir jafn margir varamenn sem taka sæti í stjórn í forföllum stjórnarmanna. Um hæfi stjórnarmanna og varamanna þeirra fer að

lögum. Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef fram koma tillögur um fleiri menn en kjósa skal. Ef hluthafar sem ráða minnst fimmtungi hlutafjár krefjast, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við stjórnarkjör. Slík krafa skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður þá afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal gjörðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og skulu stjórnarmenn staðfesta hana með undirskrift sinni.

Stjórn félagsins er óheimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra þess lán eða setja tryggingar fyrir þá. Sama regla gildir um maka þessara aðila eða þá sem skyldir eru þessum aðilum að feðgatali eða niðja ellegar standa þeim að öðru leyti nærri. Þetta bann nær þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

17. grein

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á forstjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

18. grein

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málum þess milli hluthafafunda. Meginskyldustörf hennar eru:

1. Að semja við verktaka um að annast daglegan rekstur félagsins.
2. Taki stjórnin um það sjálfstæða ákvörðun er það hlutverk stjórnarinnar að ráða félaginu framkvæmdastjóra, ákveða laun hans og starfskjör, setja honum erindisbréf og hafa eftirlit með störfum hans.
3. Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins og sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.



Á

Sérstaklega skal hún annast um að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna.

4. Að koma fram fyrir félagsins hönd fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
5. Að ákveða hver eða hverjir skuli hafa prókúruumboð fyrir félagið.

19. grein

Heimilt er að ráða framkvæmdastjóra og hefur hann með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að hlíta fyrirmælum stjórnar og veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum. Heimilt er að ráða framkvæmdastjóra úr hópi stjórnarmanna.

**Reikningar félagsins og endurskoðun**

20. grein

Á aðalfundi félagsins skal kjósa til eins árs einn endurskoðanda og varamann hans eða endurskoðunarfélag. Skal hann rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má hvorki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins né mega þeir vera fjárhagslega háðir félaginu. Þá má endurskoðandi ekki vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

21. grein

Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings skal senda félagaskrá ársreikning, eða samstæðureikning ef svo ber undir, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda og upplýsingum um hvenær ársreikningur var samþykktur.



JS

**Breytingar á samþykktum félagsins**

22. grein

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi hluthafa með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða lögum, sbr. 93. gr. laga nr. 2/1995. Samþykkt hluthafafundar um breytingu á samþykktum félagsins skal án dráttar tilkynna hlutafélagaskrá nema sérstakt tímamark sé tekið fram í samþykktum þessum eða lögum og tekur breytingin ekki gildi fyrr en hún hefur verið skráð.

23. grein

Ákvörðun um félagsslit án gjaldþrotaskipta skal tekin á hluthafafundi. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um félagsslit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit félagsins, skal óska löggildingar hlutafélagaskrár á kosningu skilanefndar.

**Lokaákvæði**

24. grein

Þar sem ákvæði samþykkta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt hverju sinni.

Samþykktir félagsins samþykktar á stofnfundi þess 1. desember 2008.

F.h. stofnenda HS veitna hf.

STAÐFESTING

Ég undirritaður, Steinþór Jónsson, kt. 221063-2369, Bragavöllum 7, Reykjanesbæ, staðfesti hér með samþykki mitt til setu í varastjórn HS veitna hf., Brekkustíg 36, Reykjanesbæ.

Reykjanesbæ 4 desember 2008

Steinþór Jónsson

STAÐFESTING

Ég undirritaður, Guðmundur Hagalín Guðmundsson, kt. 130254-3149, Hamratúni 1, 270 Mosfellsbæ, staðfesti hér með samþykki mitt til setu í varastjórn HS veitna hf., Brekkustíg 36, Reykjanesbæ.

Reykjanesbæ __ desember 2008

18.12.2008

Guðmundur Hagalín Guðmundsson

Guðm. Hagalín Guðmundsson

STAÐFESTING

Ég undirritaður, Davíð Örn Jónsson, 241184-2349, Hvassaleiti 48, Reykjavík, staðfesti hér með samþykki mitt til setu í varastjórn HS veitna hf., Brekkustíg 36, Reykjanesbæ.

Reykjavík, 18. desember 2008

Davíð Jónsson

Davíð Örn Jónsson

S T A Ð F E S T I N G

Ég undirritaður, Þorsteinn Erlingsson, kt. 280543-7569, Hrauntúni 3, Reykjanesbæ staðfesti hér með samþykki mitt til setu í varastjórn HS veitna hf., Brekkustíg 36, Reykjanesbæ.

Reykjanesbæ 4. desember 2008

Þorsteinn Erlingsson

Þorsteinn Erlingsson

STAÐFESTING

Ég undirritaður, Steinar Þór Guðlaugsson, kt. 100251-3109, Fiskikvísl 3, Reykjavík, staðfesti hér með samþykki mitt til setu í varastjórn HS veitna hf., Brekkustíg 36, Reykjanesbæ.

Reykjanesbæ 3. desember 2008

Steinar Þór Guðlaugsson

S T A Ð F E S T I N G

Ég undirritaður, Eyjólfur Sæmundsson, kt. 280950-3199, Fagrahvammi 7, Hafnarfirði, staðfesti hér með samþykki mitt til setu í stjórn HS veitna hf., Brekkustíg 36, Reykjanesbæ.

Hafnarfirði 4 desember 2008

Eyjólfur Sæmundsson

S T A Ð F E S T I N G

Ég undirrituð, Guðný Kristjánsdóttir, kt. 070367-5999, Bragavöllum 11, Reykjanesbæ, staðfesti hér með samþykki mitt til setu í varastjórn HS veitna hf., Brekkustíg 36, Reykjanesbæ.

Reykjanesbæ 18 desember 2008

Guðný Kristjánsdóttir